
RAUÐABERG Í MÝRAHREPPI

HÚSA- OG FORNLEIFAKÖNNUN VEGNA DEILISKIPULAGS



SÓLVEIG G. BECK (RITSTJ.)
HÖFUNDAR EFNIS: SÓLVEIG G. BECK, KRISTJANA
VILHJÁLMSDÓTTIR OG BRYNJA ÁRNADÓTTIR

REYKJAVÍK 2024
FS987-24071

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Á forsíðumynd má sjá ljósmynd af Rauðabergi II tekin í apríl 2024 af Sólveigu G. Beck

Fornleifastofnun Íslands 2024

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 5511033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit	
Útdráttur	6
Abstract	6
1. Inngangur	7
2. Aðferðir	8
2.1. <i>Aðferðir við fornleifaskráningu</i>	8
2.2. <i>Aðferðir við húsakönnun</i>	10
3. Saga svæðis: Húsa- og fornleifakönnun	11
3.1. <i>Byggðasaga Rauðabergs í Mýrabreppi, Austur-Skaftafellssýslu.</i>	11
3.2. <i>Íbúðarhúsið að Rauðabergi II, húsakönnun</i>	13
4. Fornleifaskrá: SF-044 Rauðaberg (Raufarberg)	17
4.1. <i>Sögulegar heimildir</i>	17
4.2. <i>Landkostir og staðhættir</i>	17
4.3. <i>Minjaskrá Rauðabergs</i>	18
4.4. <i>Fornleifar á fleiri en einni jörð</i>	49
5. Niðurstöður	50
6. Heimildaskrá	56
Viðaukar	58
<i>Viðauki 1 - Hnitaskrá ISN93</i>	58
<i>Viðauki 2 - Húsakönnun (Huginn)</i>	59
<i>Viðauki 3 - Minjakort</i>	60

Útdráttur

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður deiliskráningar og húsakönnunar í heimatúni að Rauðabergi II (SM-044) í Mýrahreppi, Hornafirði. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda í apríl 2024 vegna fyrirhugaðra hótelframkvæmda á svæðinu. Alls voru skráðar 67 fornleifar á um 10,8 ha svæði. Varðveisla fornminja er þar mjög góð þar sem búskap var að mestu hætt á þessu svæði árið 1974 og lítil uppbygging steinssteyptra húsa átti sér þar stað á 20. öld. Íbúðarhúsið er byggt 1922 og var það gert upp á 9. og 10. áratug 20. aldar af Póstmannafélagi Íslands. Húsið er portbyggt timburhús samofið gamla burstabænum, því er vel viðhaldið og það fellur fallega inní hið heildstæða menningarlandslag í kring svo varðveislugildi þess er hátt metið.

Lykilorð: Deiliskráning, húsakönnun, Rauðaberg II; friðað portbyggt timburhús, burstabæjarstíll, heimatún, vel varðveittar landbúnaðarminjar


Abstract

This report presents the results of a detailed archaeological survey and a house survey at Rauðaberg II in Mýrahreppur, Hornafjörður. The survey was done by The Institute of Archaeology in Iceland on behalf of land owners as part of project planning for a future hotel construction on site. In total 67 archaeological sites were surveyed within a 10, 8 ha area in the old home field. Preservation of sites is very good as farming was largely abandoned by 1974. The residential building was built of timber in 1922 and was restored in the 80s and 90s by the Icelandic Postman's Union. The house is neatly intertwined with the old house ruins, built of turf and stone, it is well kept and fits well into the cultural and natural landscape, so its preservation value is considered high.

Keywords: Detailed survey, house survey, Rauðaberg II, protected house, home field, well preserved pre-industrial farming environment

1. Inngangur

Í byrjun apríl 2024 sá Fornleifastofnum Íslands ses um húsakönnun og deiliskráningu á um 10,8 ha svæði að Rauðabergi II (Efriðbæ) í Hornafirði (áður Mýrahreppi) fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðra hótelframkvæmda. Húsakönnun var unnin af Sólveigu G. Beck undir leiðsögn Elínar Óskar Hreiðarsdóttur. Vettvangsskráning fornleifa var unnin af Sólveigu G. Beck, Kristjönu Vilhjálmsdóttur og Brynju Árnadóttur. Engar friðlýstar minjar eru innan eða í næsta nágrenni deiliskráningarsvæðis en allar fornleifar 100 ára og eldri eru friðaðar og helgunarsvæði þeirra er 15 m frá ystu mörkum minjastaðar. Gengið var kerfisbundið um úttektarsvæðið í leit að fornleifum, allir minjastaðir voru hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp (yfirlitskort 1-5 í viðauka). Á svæðinu voru skráðar 67 fornleifar á um 50 minjastöðum. Fjórir minjastaðir voru innan 15 m frá úttektarmörkum (frá Rauðabergi I/Neðriðbæ; sjá mynd 1) á um 0,5 ha svæði fast sunnan við heimreið heim að Rauðabergi II. Þar sem úttektarmörk ná inn fyrir helgunarsvæði þeirra voru þeir einnig skráðir. Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er farið yfir sögu og helstu aðferðir í húsa- og fornleifaskráningum og í kjölfarið fylgir ítarleg umfjöllun um húsakönnun og fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum af skráðum minjum. Helstu niðurstöður eru svo dregnar saman í stuttri samantekt í lok skýrslu. Í viðauka eru svo loks hnitalisti (ISN93), niðurstöður húsakönnunar og yfirlitskort.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af deiliskráningarsvæðinu á lóð 1 að Rauðabergi II í apríl 2024. Skýringarhykil fyrir öll kort og teikningar í þessari skýrslu má sjá á mynd 2. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Íslandskort: Landmalingar Íslands. Örnefni og staðsetning þeirra kemur af korti sem fylgdi afsali af lóðinni árið 1974 (Skjöl í eigu Póstmannafélags Íslands, 2024).

2. Aðferðir

Sú skýrsla sem hér lítur dagsins ljós er blendingur af fornleifaskráningu og húsakönnun og byggir hún bæði á heimilda- og vettvangsúttekt. Hér að neðan verður farið yfir helstu forsendur og aðferðir við gerð beggja kannana.

2.1. Aðferðir við fornleifaskráningu

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði


umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-142:013). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: NM-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 2. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands (vinstri). Skýringar (hægri) eiga við um allar teikningar og kort sem finnast í þessari skýrslu.

2.2. Aðferðir við húsakönnun

Í lögum um menningarminjar og í skipulagslögum¹ er kveðið á um að nauðsynlegt sé að skrá friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstaður og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Samkvæmt skilmálum Minjastofnunar þarf húsakönnun „að innihalda að lágmarki sögulegar staðreyndir um viðkomandi hús, lýsingu, ljósmynd/ir og varðveislumat.“ Minjastofnun fer fram á að við húsakannanir sé notaður gagnagrunnur stofnunarinnar, Huginn, og að útfylltum grunni sé skilað til stofnunarinnar að könnun lokinni. Telst húsakönnun raunar ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest drög og fengið endanlega skráningu í hendurnar, bæði skráningargögn og skýrslu á rafrænu formi. Við skráningu á húsinu að Rauðabergi var leiðbeiningum Minjastofnunar um gerð húsakannana fylgt og allar upplýsingar færðar í Huginn.² Verkið hófst á heimildakönnun þar sem var leitað fanga í ljósmyndasöfnum, gömul kort af svæðinu könnuð og teikningar af húsum skoðaðar. Leitað fanga í ýmsum heimildum sem snertu á viðfangsefninu og skjalasöfn könnuð í leit að fasteignamati og virðingu húsanna.

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 16. grein; Skipulagslög nr. 123/2010, 37. gr.

² Guðlaug Vilborgardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir. 2019.

3. Saga svæðis: Húsa- og fornleifakönnun

3.1. Byggðasaga Rauðabergs í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Bæjarstæðið á lóð 1 að Rauðabergi nefnist í dag (2024) Rauðaberg II en samkvæmt Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá árunum 1708-1709³ var jörðin áður nefnd Raufarberg og eru elstu þekktu heimildir um jörðina frá seinni hluta 15. aldar.⁴ Í manntölum virðist lengi ekki vera gerður neinn greinarmunur á heimilum að Rauðabergi sem á 19. öld voru oftast 2-4. Það virðist ekki vera fyrr en í manntali 1910 að bæirnir eru aðskildir í Efri- (Rauðaberg II) og Neðribæ (Rauðaberg I) og Hól.⁵ Þá búa Erlendur Ólafsson og Þorbjörg Benediktsdóttir í Efribæ (SF-044:001), Bjarni Bjarnason og Ástríður Magnúsdóttir í Neðribæ (SF-044:004), og loks Páll Bergsson og Pálína Daníelsdóttir ásamt Guðnýju Magnúsdóttur saman á Hóli (SF-044:002). Í skrá fasteignamatsnefndar Austur-Skaftafellssýslu fyrir Mýrahrepp árið 1917⁶ virðast heimilin að Rauðabergi hins vegar vera orðin fjögur því Guðný og Páll eru þar aðskilin sem eigandi og ábúandi en óljóst er hvort annað þeirra eða bæði hafi þá búið á Hóli. Þar eru bæirnir skráðir svo:

4. Rauðaberg (Efribær): Erlendur Ólafsson ábúandi og eigandi, ásamt Þórði Jónssyni.
5. Rauðaberg (Neðribær): Eigandi Jón Guðmundsson Hoffelli. Ábúandi Bjarni Bjarnason (fer 1921).
6. Rauðaberg: Eigandi Jón Ófeigsson. Ábúandi Páll Bergsson (Hóll?).
7. Rauðaberg: Eigandi og ábúandi Guðný Magnúsdóttir (d. 1934).

Við skráningu var auðveldlega hægt að aðskilja Efri- og Neðribær og Hól (mynd 1) og hér verður einblínt að mestu á bæina Rauðaberg II og Hól sem eru innan lóðar 1. Hóll er farinn í eyði árið 1938⁷ en áfram var búið að Rauðabergi II fram eftir öldinni eins og nánar er komið inn á hér á eftir.

Samkvæmt Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu flytja Erlendur Ólafsson og kona hans Þorbjörg Benediktsdóttir í Efribæ (Rauðaberg II) árið 1890 og búa þar fram til um 1920.⁸ Í fasteignamatinu 1917 er íbúðarhúsi lýst sem baðstofu með torfpaki og stofuhúsi með jarnþaki. Húsin eru metin á 500 kr og byggingarefni var sagt vera gott og nærtækt. Á ljósmynd úr safni Þorvaldar J. Thoroddsen (1855-1921)⁹ má sjá gamla torfbæinn (mynd 3), en þar virðist stofuhúsið austast í húsaröðinni enn vera með torfpaki, svo líklega er ljósmyndin tekin eitthvað fyrir 1917, en líklega í tíð Erlends og Þorbjargar.

Árið 1922 flytja Jón Jónsson Malmquist og Halldóra Guðmundsdóttir að Rauðabergi, á jarðarhluta Þorbjargar Benediktsdóttur, og búa þau þar í fjögur ár (1922-1926). Árið 1926 tekur Kristín Erlendsdóttir Rauðaberg II til ábúðar og árið 1966 tekur Elías Jónsson (f. 1903) systursonur hennar að lokum við búi og býr þar fram til um 1974.¹⁰ Þegar nemar frá Arkitektaskólanum í Árhúsum í Danmörku teikna bæjarhúsin í heimatúni sama ár samanstendur burstabærinn að Rauðaberg II af

³ JÁM XIII, bls. 425

⁴ DI I, bls. 196; DI VI, bls. 715-716 og 749

⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, 2024

⁶ Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 81-84

⁷ Örnefi II 1978, bls. 8-10. Teikningar danskra arkitektanema í Arkitektaskólanum í Árhús árið 1974, L46-L50

⁸ Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 41-42

⁹ Sarpur, 2024, ljósmynd Þ_ÞTh-504

¹⁰ Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 43



Mynd 3. Elsta ljósmynd sem þekkt er af Rauðabergi II (efst til hægri) er úr safni Þorvaldar J. Thoroddssen. Hún er líklega tekin milli 1890-1917 í tíð Erlends Ólafssonar og Þorbjargar Benediktsdóttur. Hér má sjá gamla húsið í samanburði við íbúðarhúsið að Rauðabergi II á áttunda áratugnum (efst og miðja) og svo árið 2001 (neðst).

þrettán rýmum. Númerin sem merkt eru á ljósmynd frá árinu 1974¹¹ (efst á mynd 3; sjá einnig mynd 8 hér að neðan) eru teknar af teikningum þeirra. 1. Hlóðaeldhús; 2. Íbúðarhús; 3. Fjós; 4. Smiðja; 5. Geymsla; 6. Hlaða; 7. Baðstofa (fallin); 8. Skemma; 9. Lambakofi; 10. Hænsnahús; 11. Heygarður; 12. Hlaða; 13. Smiðja; 22. Kálgarður [ofan við hús]; 23. Kálgarður; 24. Kálgarður [neðan við hús].

3.2. Íbúðarhúsið að Rauðabergi II, húsakönnun

Árið 2024 er íbúðarhúsið á lóð 1 (10,3 ha) að Rauðabergi II í Mýrahreppi skráð sem sumarhús (50,9 m²) í fasteignamati og er byggingarár þess sagt 1922. Húsinu fylgir geymsluskúr byggður 1996 (12 m²). Þegar Jón Jónsson Malmquist og Halldóra Guðmundsdóttir flytja að Rauðabergi árið 1922¹² er líklegt að Jón hafi þá endurbyggt íbúðarhúsið, a.m.k. er byggingarár hússins talið 1922. Eins og fram kom að ofan tekur Elías Jónsson við búi árið 1966,¹³ og selur svo lóð 1 ásamt húsum til Póstmannafélags Íslands (PÍ) vorið 1974.¹⁴ Sama ár teikna nemar í Arkitektaskólanum í Árhúsum húsakostinn á bænum.¹⁵ Þá voru öll þrettán hús gamla burstabæjarins enn undir þaki og var íbúðarhúsið austast í röðinni. Það var þá portbyggt, pappaklætt timburhús með steinsteiptan skorstein, undir mænispaki klæddu bárujárnri, með grjót- og torfhlaðna veggj að norðan, austan og vestan. Á jarðhæð voru eldhús og búr með moldargólf og grjótveggjum, og tvö herbergi á efri hæð. Hugmyndir Póstmannafélagsins voru að gera bæinn upp í upprunalegri mynd og leigja út sem sumarhús til félagsmanna. Samkvæmt afsali tilheyrðu 8,11 ha Rauðabergi II og 2,17 ha Rauðabergi I, þar meðtalið tóftir gamla íbúðarhússins á Hóli (mynd 4, nr. 3).¹⁶ Lítið gerist þó í lagfæringum á húsakosti fyrr en eftir 1980. Árið 1984 var komið upp hitakút á snyrtingunni í gamla fjósinu og lagt heitt vatn í krana og sturtu. Ári seinna var leitt heitt vatn í eldhúsið og búrinu, sem áður var með moldargólf, var breytt í panelklædda setustofu. Árið 1987 er endurhlaðinn grjótveggur við austurhlið hússins og jafnað úr gömlu tóftunum í bæjarhúsaröðinni. Stafnar voru klæddir með standandi furuklæðningu á suður- og austurhlið ofan við grjóthleðslur. Á þessum tíma var einnig ráðgert að klæða þakið með járn og einangrun.¹⁷ Í júní árið 1992 fer Rafmagnseftirlit ríkissins yfir raflagnir og setur fram lista yfir nauðsynlegar endurbætur sem bæta þurfti úr sama ár, en óljóst er hvort það var gert.¹⁸ Í mars árið 1995 leggur Ásgeir Ásgeirsson byggingafræðingur BFÍ fram teikningar með nýju útliti bæjarhúsa fyrir hönd PÍ¹⁹ sem voru þó ekki nýttar nema að hluta. Sumarið 1996 er nýr geymsluskúr byggður í tóft gömlu smiðjunnar. Á sama tíma var eldhúsgólf m.a. endurnýjað og sett upp

¹¹ Ljósmyndir af bæjarhúsunum frá áttunda áratugnum eru úr Sarpi 2024 (efst;) og úr blaðinu Frey frá árinu 1976 (miðja); sem og frá 2001 úr gagnasafni Póstmannafélags Íslands (neðst). Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn, 2024, ljósmyndir P_ÞTh-504 úr safni Þorvaldar J. Thoroddssen og Skg-2534 tekin af Þóri Eyfeld Magnússyni 1971.

¹² Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972, bls. 41-43

¹³ Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972, bls. 43

¹⁴ Afsal Elíasar Jónssonar til Póstmannafélags Íslands, 2. september 1974; Tíminn 1974, 239. tbl., bls. 6; Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972, bls. 43

¹⁵ Örefti II 1978, bls. 8-10. Teikningar danskra arkitektanema í Arkitektaskólanum í Árhús árið 1974, L46-L50

¹⁶ Ari Jóhannesson, 1988, bls. 9-11; Afsal Elíasar Jónssonar til Póstmannafélags Íslands, 2. september 1974

¹⁷ Ari Jóhannesson, 1988, bls. 9-11

¹⁸ Útfyllt eyðublað Rafmagnseftirlits ríkisins fyrir RARIK á Austurlandi, 1992. Skjöl í eigu Póstmannafélags Íslands


¹⁹ Húsateikningar Ásgeirs Ásgeirssonar byggingafræðings BFÍ, Teiknistofan HF, Ármúla 6, 108 Reykjavík, mars 1995 og önnur skjöl í eigu Póstmannafélags Íslands

ný innrétting, veggir voru panelklæddir og þak á anddyri, gluggar og einangrun endurnýjuð og lagfærð. Ari Magnússon frá Hofi sá um vegghleðslur og hefur efni líklega verið endurnýtt úr eldri hleðslum, en önnur vinna var mikið til unnin af sjálfbóðaliðum Póstmannafélagsins undir stjórn Bjarna S. Geirssonar smiðs hjá Íbyggð Byggingarverktak, Hornafirði.²⁰ Um aldamótin 2000 hafði áhugi félagsmanna á orlofsdvöl að Rauðabergi minnkað til muna svo ákveðið var að selja bæði lóð og hús árið 2002.²¹ Húsakönnunin 2024 er gerð í tengslum við ráðagerðir um að byggja hótélbyggingu á lóðinni.

Húsakönnun samkvæmt húsagrunni Minjastofnunar Íslands er að finna aftast í viðauka 2 og hér er almennt yfirlit yfir ástand hússins (2024). Eins og fram kom hér að ofan er húsið portbyggt timburhús í burstabæjarstíl sem kynt er með rafmagni, og eru víða grjóthleðslur í veggjum. Bakvið lóðréttan borðaklæðningu (slagþil) úr furu og milli timburveggja og hlaðinna grjótveggja að austan og vestan glittir víða í pappa, plast og einangrun úr frauðplasti. Húsin eru með bárujárnsklæddu mænispaki (burstir) með sýnilegum sperruendum, og eru þau tengd saman með skúrþaki úr sama efni. Búið er að slétta hlaðið sunnan við húsið og grafa þar rotþró. Gengið er inn í húsið að sunnanverðu inn í forstofu (gamla fjósið) og er baðherbergi þar beint á móti útidyrhurð á um 0,3 m háum timburpalli. Baðherbergið er á jarðhæð í afhýsi vestan við gamla íbúðarhúsið. Í þaki forstofunnar er bárótt, gegnsætt plast á kassalaga kafla sem hleypir inn birtu. Lítill ferhyrndur timburgluggi með einni rúðu er á baðherberginu upp undir þaki á norðurvegg. Mjór gangur er austur af forstofunni inn í eldhús og er einn fjórskiptur timburgluggi á ganginum á suðurvegg. Í eldhúsinu eru tveir eins lóðréttir gluggar hlið við hlið, einnig á suðurhlið. Allir þrír gluggarnir sem snúa út á hlað á suðurhlið eru úr timbri með krosspóstum og fjórum rúðum. Í eldhúsinu er falleg, gömul kolaeldavél frá tíð Elíasar bónda fyrir miðjum norðurvegg. Vélin stendur á steinsteyptri, kassalaga plötu og steinsteyptur skorsteinn liggur þar að baki henni upp á efri hæð. Aðrar fastar innréttingar eru á austurvegg frá tíma PÍ og eru veggir eldhússins klæddir að innan með þunnum spónaplötum. Dyrnar inn í setustofuna (áður búr) eru austan við eldavélina, einnig á norðurvegg. Gólfbitar svefnloftsins eru óklæddir í lofti eldhúss og stofu. Stofu og baði er lokað að utan til norðurs með skúrþaki úr bárujárni. Lítill gluggi er í norðausturhorni stofunnar á austurvegg, efst upp undir lofti, og er hann láréttur og póstalaus. Að utanverðu er þar skarð í grjót- og torfhlaðinn austurvegginn. Gengið er úr eldhúsinu upp á efri hæð vestan við eldavélina, um mjóan og brattan timburstiga, sem gæti verið upprunalegur. Á svefnloftinu eru tvö herbergi undir súð með timburgólf og panelklædda veggi. Hugsanlegt er að eitthvað af efni (t.d. gólfbitar) hafi verið endurnýtt. Þar er skorsteinninn einnig klæddur panel, en búið er fjarlægja hann úr þakinu að loka fyrir. Dyr eru á milli svefnherbergjanna tveggja austan við stigann og skorsteininn. Í norðurherberginu að ofanverðu er lóðréttur, einfaldur gluggi án krosspósta undir þaki á norðurhlið. Á suðurhlið er glugginn undir þaki hinsvegar í sama stíl og gluggarnir í eldhúsi og á gangi, með krosspóstum og fjórum rúðum.

²⁰ Póstmannablaðið 1996, bls 4; Reikningar frá Íbyggð Byggingaverktak, Hornafirði og Ara Magnússyni, Hofi í eigu PÍ.

²¹ Póstmannablaðið 2004, bls. 4



Mynd 4. Kort af lóð 1 að Rauðabergi II úr afsali Elíasar Jónssonar á jörðinni til Póstmannafélags Íslands árið 1974 (sjá einnig mynd 1).



Mynd 5. Íbúðarhúsið að Rauðabergi II árið 2024. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck. Horft er til norðvesturs.



Mynd 6. Suður- og norðurhlíðar Raðabergs II (efst) með íbúðarhús að austan og forstofu og bað að vestan. Gluggarnir að sunnanverðu (miðja til vinstri) eru faldaðir og með vatnsbretti á meðan stofuglugginn að austan (neðst til vinstri) og svefnherbergisglugginn að norðan (efst til hægri) eru einfaldir. Geymslan (neðst til hægri) er byggð 1996 í smíðjutóftinni. Gamla kolaeldavélin er frá tíð Elíasar bónda (miðja til hægri) en hvort hún er eldri en það er óljóst.

4. Fornleifaskrá: SF-044 Rauðaberg (Raufarberg)

4.1. Sögulegar heimildir

Í Íslensku fornbréfasafni²² er minnst á að í skjölum Árna Magnúsar frá byrjun 18. aldar hafi verið m.a. afritað “gjafabréf fyrir Raufarbergi til Kirkjubæjar klaustrs.” frá árinu 1471.

20. ágúst 1490: Málarekstur vegna Raufarbergs í Einholtsþingum. Dómur sex presta sem útnefndir voru af séra Ögmundi Andréssyni prófasti og almennum dómara milli Jökulsár á Breiðársandi og Breiðdalsár vegna kæru séra Sveins Jónssonar í Heydölum til Ólafs Guðmundssonar um ólöglega landskuldartöku af jörðu hans Raufarbergi í Einholtsþingum.²³

1697: 26 hdr 160 álnir.²⁴

1703: Rauðberg á Mýrum (Lón, Nes og Mýrar).²⁵

1708: 30 hdr. Raufarberg, Mýrnakálfur (Einholtssókn). Bændaeign.²⁶

1847: 30 hdr. Bændaeign.²⁷

12.07.1859: “Rauðaberg til vesturs frá Núpsstað, stutta bæjarleið (12 hdr. að dýrleika).”²⁸

“Búendur hafa verið þar tveir til fjórir.”²⁹

4.2. Landkostir og staðhættir

Túnakort 1918 (1): Tún 2,6 ha, Þýft 7/8. Garðar 1850 square stikur. 2 býli.

Túnakort 1918 (2): Tún 1 ha. Allt þýft. Garðar 900 square stikur. 1 býli

“Reka á jörðin fyrir Bakkalandi, þar heitir Rauðabergsfjara. Engjaítak í Holtalandi, sem heitir Rauðabergsdæld, er nú af.”³⁰

Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir 1859: “[...] hefur heyskap lítinn, útigang góðan og enga sérlega ókosti.”³¹

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu II segir: “Uppi yfir bænum eru brattar skriður og berar, og úr þeim er oft grjóthrap niður á túnin. Fjalllendi er nokkuð mikið á Rauðabergi sem æðigóð afréttarlönd, og þó eru fjöllin gróðurlítill. Í Rauðabergshraunum er hagsælt beitiland að vetrarlagi, en ekki talið eins kjarngott og á Viðarborði. Meira er um mýrlendi í Rauðabergshraunum, mikið ræktanlegt land og falleg túnstæði með æskilegum halla [...]” Þar segir einnig: “Skóglendi nokkurt fylgir Rauðaberginu á Viðborðsdal [...] Lítið mun hafa verið um fjallagrös í Rauðabergslandi, en silungsveiði var oft góð, meðan silungur gekk hér til vatna á klakstöðvar, sem voru góðar á Rauðabergi. Torfrista hefir verið sæmilega góð í Rauðabergslandi. Vatnsból hefir ekki verið gott. Lækir renna undan fjallinu gegnum túnin, þeir þorna ekki og gadda ekki nema í mestu aftökum. Vatnsleiðsla er komin inn á suma bæi og er í þann veginn að koma á hina og líka vatnssalarni.”³²

²² DI I, bls. 196.

²³ DI VI, bls. 715-716. Þessi dómur er einnig nefndur í sama bindi á bls. 749.

²⁴ Björn Lárusson 1967, bls. 331.

²⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, 2024.

²⁶ JÁM XIII, bls. 425.

²⁷ Jarðatal Johnsens 1847, bls. 3.

²⁸ Sýslu- og sóknalýsingar Skaftafellssýslu 1997, bls. 171.

²⁹ Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 35.

³⁰ JÁM XIII, bls. 425.

³¹ Sýslu- og sóknalýsingar Skaftafellssýslu, 1997 bls. 171.

³² Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 35-36.

4.3. Minjaskrá Rauðabergs

SF-044:001_01

Rauðaberg

bæjarhóll

bústaður

A 671098. N 431491

Í fasteignamati árið 1917 segir: “Ábúandi [og eigandi Erlendur Ólafsson] á öll hús sem á jörðinni eru og er íbúðarhúsið baðstofa með torfpaki, og stofuhús með járnþaki.” Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu II segir svo um húsin: “Á einu þeirra, Rauðabergi 2, er gamalt timburhús í tóft. Það var gott hús á sínum tíma, en er nú orðið lélegt og þarfnast endurbyggingar.” Elsta bæjarstæðið að Rauðabergi er að Rauðabergi II (Efriðbæ), um 2,5 km austan Fláajökuls, fast suðvestan undir Rauðabergsfjalli og um 1 km norðvestan Djúpár. Um 2,5 km til suðausturs er bærinn Viðborðssel (Vindborðssel) SF-042 og um 3 km til norðvesturs upp undir Fláajökli er bærinn Haukafell SF-045. Bæjarhóllinn að Rauðabergi II er ennþá mjög greinilegur í þýfðu og grasigrónu flatlendi upp undir fjallsrótum í mildum halla til suðvesturs. Búið er að rækta upp skóg til norðausturs og austurs, ofan við hólinn. Hér og þar í túni umhverfis hólinn er stórgrýti úr fjallinu og hefur líklega þurft að hreinsa reglulega grjót úr túni.


Við skráningu í apríl 2024 kom í ljós að bæjarhóllinn (mynd 7) er um 80 m á lengd um 65 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er lágur að sunnan (<0,3 m) en hækkar til norðurs. Hann nær alla leið að Suðurlæk í vestri og er hæstur í miðjunni (2-3 m á hæð), en fellur inn í brekkuna í norðri og norðaustri. Við skráninguna var öllum hólum í tóft gamla burstabæjarins SF-044:001 gefið nýtt númer³³ (myndir 8-9) og frá ASA til VSV eru skráð; hlóðældhús III (5x2 m að innanmáli árið 1974),




Mynd 7. Bæjarhóllinn að Rauðabergi II (Efriðbær) árið 2024. Til vinstri er horft yfir bæjarhólinn til ASA vestan við Suðurlæk. Til hægri er horft yfir bæjarhólinn að ofan til suðvesturs. Ljósmyndir tók Sólveig G. Beck.

og smiðja XI (2x2 m) fast NNA við hana, næst kemur íbúðarhúsið nr. I (7,5x5 m), fjósið II (5x4 m), geymsla IV (5x2 m)), smiðja V (5,5x2 m), hlaða VI (5,5x4 m), eldri baðstofa VII (fallin 1974), skemma VIII (2,5x2,5 m), fjárhús IX (2,5x2 m) og hæsnakofi X (1,5x1,5 m). Eins og kom fram að ofan stendur núverandi íbúðarhús I í sömu tóft og það var árið 1974 en eftir sléttun og endurbætur Póstmannafélags Íslands á 9. og 10. áratug 20. aldar eru hlóðældhúsið (III) og smiðja (XI) horfin og hæsnahús (X) er lítið annað en grjóthrúga, fjósið (II) er orðið að baðherbergi, smiðjan (V) varð að geymslu og veggir þeirra hafa verið endurhlaðnir. Gamla geymslutóftin (IV) er auð en var einnig endurhlaðin. Endurhlöðnu grjót- og torfveggirnir eru um 1,5 m á breidd og 1-1,6 m á hæð (8-13 umför) og breikka niður, en hleðslur eru aðeins farnar að láta á sjá, síga saman og bólga út.

³³ **Myndir 8 og 9:** 001_01I (nr. 2 á teikningu arkitekta árið 1974); II(3); III(1); IV(4); V(5); VI (6); VII (7); VIII (8); IX (9), X (10); XI (13); 001_02I (12) og 02II (11) 001_03I (24); 03II (23), III (ekki teiknað 1974); 001_04 (22).



Mynd 8. Tölvuteikning af teikningum danskra arkitektanema af húsum Rauðabergs II og Hóls í heimatúni 1974.



Mynd 9. Bæjartóftir og hús SF-044:001_01-07 á bæjarbólnum að Rauðabergi II í apríl árið 2024.



Mynd 10. Tóftir eldri bæjarhúsanna vestan við nýju skemmuna; blaða VI (efst til vinstri), gamla baðstofan VII (efst til hægri), skemma VIII og fjárhús IX (neðst til vintri; horft til N og NNA) og leifar af hænsnakofa X (neðst til hægri, horft til ASA).

Fast vestan nýju geymslunnar (áður smiðja V) í eldri hluta bæjarraðarinnar eru veggir 1-2 m á hæð að sunnanverðu, en að ofan og norðan eru þeir 0,5-1 m á hæð, og hafa hólfin að einhverju marki verið grafin inn í brekkuna. Grjóthleðslur útveggja að sunnanverðu sjást ágætlega frá fjárhúsi (IX) austur að gömlu baðstofunni (VII; mynd 10) og hægt er að greina leifar grjóthlaðinna innganga, sem þó eru signir saman. Innanmál tófta VI, VIII og IX (0,5-1,5 m á dýpt) er ennþá greinanlegt en þó er búið að fylla í þær að hluta svo það er vel grasigróið og innri veggheðslur sjást illa. Hægt er einnig að greina fyrir gömlu baðstofunni (VII) en þar er aðeins 0,5-1 m há aflöng og ávöl þúst.

Fast norðan og ofan við aðal húsaröðina voru svo hlaða 02I (5,5x3,5 m að innanmáli 1974) og heygarður 02II (1974 og 2024 um 4,5x4 m að innanmáli, 1-1,5 m á dýpt 2024) en búið er að slétta hlöðu 02I alveg út og gætu leifar hennar hugsanlega myndað þúst 001_06 (sjá frekari lýsingar hér að neðan). Hugsanlega eru einnig leifar eldri bæjarhúsa 001_07 fast vestan við rústir gamla hænsnakofans (X). Kálgarðar 001_03I-III og _04 sunnan og norðan við bæinn eru ennþá í góðu ástandi. Austan við núverandi bæjarröð er svo loks óljós grasigróin þúst 001_05 fast austan við bílastæðið. Þar gætu leynst útflattar leifar af gamla hlóðaeldhúsinu (III) þó ekki sé útilokað að bæjarröðin hafi áður verið lengri en hún er í dag.

Heimildir: Túnakort 1918; BAS II, bls. 36; Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 81; Öræfi II 1978, L47 og L51.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:001_02 tóft heygarður

A 671104 N 431495

Í efri röð bæjartófta voru sambyggð hlaða 02I (11) og heygarður 02II (12) samkvæmt bæjarteikningu Dana frá 1974. Heygarðurinn er um 1 m norðan og ofan við geymsluna sem byggð var 1996 í smiðjutóftinni 001_01V (5) en hlaðan er að mestu horfin.

Tóftin er efst á grasigrónum bæjarhólnum miðjum (myndir 9 og 11). Tóftin var tvískipt, um 15 m á breidd, um 12 m á breidd og snéri norðvestur-suðaustur. Búið er að fylla upp í hlöðuna 02I (5,5x3,5 m að innanmáli 1974), en heygarðurinn 02II er mjög skýr. Garðurinn er um 11 m á lengd, um 11 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur, um 5x3,5 m innanmáli. Veggir hans eru 2-3 m á breidd og 0,5-1,6 m á hæð en þeir eru hærri að innan (0,5-1 m) en utan. Hleðslur eru signar og hrundar inn því grjóthrúgur eru greinilegar með innri veggjum og vel getur verið að hleðslugrjót sem ekki var notað í endurnýjun veggja hafi verið fært á þennan stað. Gengið hefur verið inn að sunnanverðu en inngangur er fallinn saman.

Heimildir: Örafi II 1978, L47 og L51.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 11. Tóft hlöðu SF-044:002I og heystæði 02II. Horft er yfir heystæði 02II til vesturs en búið er að fylla uppí hlöðuna. Ljósmynd: Sólveig G. Beck.

SF-044:001_03 gerði kálgarður

A 671090 N 431475

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður 03 fast sunnan bæjar 001. Þar voru ræktaðar kartöflur og rabbarbari árið 1974. Kálgarður 001_03 er 1-2 m suðvestan við bæjartóftir 001_01 (myndir 8, 9 og 12). Á þessu svæði er grasigróið, þýft flatlendi.

Kálgarður 001_03 er þrískiptur, um 55 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Hægt er að ganga milli kálgarðsins og bæjarraðar frá tröð 006 alveg vestur að Suðurlæk. Veggir hans eru torf og grjóthlaðnir, 1,5-2 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð. Hægt er að greina óljós beð 0,5-1 m breið beð niður hallann til suðvesturs. Kálgarðurinn er hærri að framan (0,5-1,2 m) en innan (0,5 m). Hólf 03I er 21x13 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfíð er opið til norðurs og norðausturs en líklega er búið að slétta norðausturhorni garðsins út. Suðvesturhorn hólfsins er fallið á 3 m kafla og garðlögin eru rýrust í suðausturhorni kálgarðsins (0,3-0,5 m). Gengið er inn í hólf 03II að norðanverðu við hornið á gömlu baðstofunni. Hólfíð er fast norðvestan við hólf 03I og er opið til móts við bæjarröðina á sama hátt. Það er 16x14 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf 03III er vestast og óljósast, 7-10 m á lengd, um 5,5 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Suðurendi hólfsins er 12 m ofar og mun styttra en hin hólfín tvö en það er einnig opið til norðurs, með bæjarhólinn og þúst 001_07 sem norðurvegg og norðausturhorn, og Suðurlæk fast að vestan verðu. Veggir þess eru mun rýrari. Hleðslur eru útflattar og grasigrónar, 1-2 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð í suðurvegg. Upp með Suðurlæk eru hleðslurnar mjög rýrar og illa farnar (<0,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð) en ná alveg upp í suðvesturhorn kálgarðs 001_04.

Heimildir: Túnakort 1918; Öræfi II 1978, L47 og L51.

Almennt hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:001_04 gerði kálgarður

A 671100 N 431510

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður 04 um 4 m norðan bæjar 001 og hann er einnig teiknaður 1974 í heimsókn danskra arkitektanema frá Århus (myndir 8, 9 og 12). Garðurinn er um 8 m norðan og samsíða neðri bæjarhúsaröð 001_01 og um 1 m norðan við heystæði 001_02II. Kálgarðurinn er efst og nyrst á bæjarhólnum í grasigrónu, þýfðu flatlendi. Fast norðan við garðinn er lítill trjálundur.

Garðurinn er 30-40 m á lengd (mjórri að norðan en sunnan), um 15 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru torf- og grjóthlaðnir, 1,5-3 m á breidd, 0,5-1,6 m á hæð og vel hlaðnir. Veggir eru lægstir í innrahorni að suðaustan (<0,3 m). Óljóst er hvar gengið hefur verið inn í garðinn. Tota til suðurs út frá suðausturhorni er um 6 m á lengd, 1,5-3 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Innan garðsins eru engin greinileg beð og botninn er flatur, grasigróinn og smáþýfður.

Heimildir: Túnakort 1918; Öræfi II 1978, L47 og L51.

Almennt hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:001_05 þúst óþekkt

A 671133 N 431467

Óljós þúst er um 7 m suðaustan við íbúðarhúsið og fast ofan og norðan við tröð 006 (myndir 9 og 13). Á þessu svæði er grasigróið smáþýft flatlendi. Þústin er um 12 m á lengd, um 11 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er 0,3-0,4 m á hæð en ekkert innanmál er sjáanlegt. Hér gæti hafa verið hús í bæjarröð, eða leifum hlóðaeldhúss sem ýtt hefur verið út til austurs þegar bílastæðið var gert.

Heimildir: engar.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 12. Tóftir kálgarðanna SF-044:001_03 og 04 eru í góðu ástandi. Kálgarður 03 er þrískiptur (bólfr I efst til vinstri; bólfr II efst til hægri, horft til VSV; bólfr III neðst til vinstri, horft til SSV), á meðan kálgarður 04 ofan og norðan við bæ 01 er einfaldur (neðst til hægri, horft til ASA). Ljósmyndir tók Sólveig G. Beck.



Mynd 13. Þástir 001_05 (vinstri, horft til ASA) og 001_06 (hægri, horft til norðausturs; sjá staðsetningu á mynd 8). Ljósmyndir tók Sólveig G. Beck.

SF-044:001_06 þúst óþekkt

A 671096 N 431500

Fast sunnan við miðjan kálgarð 001_04 ofan og norðan við bæ 001_01 er óljós þúst (myndir 8 og 13). Á þessu svæði er grasigróid, smápýft graslendi efst í bæjarhólnum. Þústin er kassalaga, um 10 m á lengd, um 7 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Þústin gæti verið samfallin tóft og huganlega hægt að greina óljóst innanmál en hér gæti einnig verið um að ræða efni úr hlöðu 001_02I sem ýtt hefur verið út.

Heimildir: engar.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:001_07 þúst óþekkt

A 671083 N 431500

Óljós þúst er við vesturenda bæjarraðar um 1 m norðan við norðvesturkálgarðshorn 001_03 og um 4,5 m sunnan við kálgarð 001_04. Engin hús eru á þessum stað, hvorki á túnakorti frá 1918 né teikningu frá 1974 (myndir 8 og 14).

Þústin er í vestubrún bæjarhóls, um 7 m austan við Suðurlæk. Hún er um 13 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr eins og bæjarröðin norðvestur-suðaustur. Þústin er 0,3-1 m á hæð og vel grasigróin. Engar hleðslur er hægt að greina á yfirborði en hugsanlega sést móta fyrir tveimur samsíða hólum, 2,5-3x 2-2,5 m að innanmáli sem snúa norðaustur-suðvestur eins og öll önnur hól í bæjarröðinni. Ekki er útilokað að hér hafi einnig verið tvö útihús á einhverjum tímapunkti en þau eru ekki teiknuð árið 1974.



Mynd 14. Þúst 001_007, borft til suðvesturs.

Heimildir: Öraefi II 1978, L47 og L51.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:002_01 Hóll bæjarstaði bústaður

A 671171 N 431430

Á túnakorti frá 1918 er bær 002 merktur í miðju túni og eru tóftir hans um 52 m suðaustan við Rauðaberg 001_01. Á afstöðumynd sem teiknuð var af dönskum arkitektanemum 1974 er hústóft merkt inn á svipuðum stað. Við hana er skráð: "Bær í eyði 1938". Í ornefnaskrá Rauðbergs segir: "Austan við Pálsbrekku er Austurlækur. Austan við hann heita efst Hólar. Neðan við þá túnskiki, Hóll; Þar á stóð bærinn, sem nú er Rauðaberg I." Á Hóli er stór bæjartóft um 50 m suðaustan við Rauðaberg II og um 20 m norðaustan við tröð 006 (myndir 9, 15 og 16). Tóftin er á náttúrulegum grasigrónum hól í túni sem er um 60 x 50 m að flatarmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er 2-3 m á hæð að sunnan, 3-4 m á hæð og brattur að austan, og 1-2 m að norðan og vestan. Grunn grasigróin dæld er milli Hóls og Rauðabergs II (001).

Bæjartóftin er um 20 m á lengd, um 13 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er fjórskipt, öll hólfin eru samsíða, svipuð að stærð (4,5-5x2-2,5 m) og opin til suðvesturs. Inngangar inn í öll hólfin hafa líklega verið hlaðnir að hluta ásamt timburpiljum. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir en signir, 2-5 m á breidd og allt að 1,8 m á hæð (8-10 umför). Veggirnir eru hestir í hólfi I í norðvesturenda (1-1,8 m) en lækka til suðausturs, lægstir í hólfi III í suðausturenda tóftarinnar (0,5-1 m) á hæð. Hugsanlega hefur verið innangengt á milli hólfa I og II. Grjótið í veggjum hólfs III er gróft og aðeins 2-3 umför svo efni gæti hafa verið rænt þaðan. Hugsanlega hefur einnig verið fimmta hólft utan við tóftina, norðan við



Mynd 15. Bajarstaðið á Hóli SF-044:002, horft til suðausturs. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

hólf III. Þar er óljós kassalaga dæld sem snýr norðvestur-suðaustur, um 3x2 m að innan og um 0,3 m á dýpt. Hlutverk hólfanna er óljóst.

Heimildir: Túnakort 1918; Öræfi II 1978, L47 og L51; Ö-Rauðaberg SE, 4; Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 82.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:002_02 þúst kálgarður

A 671163. N 431421

Samkvæmt túnakorti var kálgarður 02 fast sunnan bæjar 002_01. Tóftir gamla burstabæjarins 02 eru greinilegar en búið er að slétta svæðið fast suðvestan við tóftirnar. Greina má þar þó óljós ummerki um gerði. Svæðið er grasigróið, smápýft flatlendi og hallar til SSV niður að tröð 006.

Hægt er að greina óljós ummerki um útveggi gerðis sem hefur verið um 15 m á lengd, um 14 m á breidd og snúið norðaustur-suðvestur. Veggir hafa verið sléttaðir út svo engar hleðslur sjást og þeir eru aðeins 2-3 m breiðar upphækkanir, <0,2 m á hæð. Hugsanlegt er að kálgarðurinn hafi verið opinn til norðausturs.



Mynd 16. Búið er að slétta út kálgarði 002_02, horft til SSV.

Heimildir: Túnakort 1918; Öræfi II 1978, L47 og L51.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 17. Uppmælingar bæjartóftanna að Hóli SF-002_01 og 02 og minjum þar í kring (efst). Tóft bæjarins er fjóskeipt (I-V, neðst til vinstri, horft til norðurs) og hugsanlega má greina leifar af niðurgrofðu húsi (V) fast norðan við hólf III (neðst til hægri, horft til ASA). Ljósmyndir tók Sólveig G. Beck.

SF-044:003_01 þúst kálgarður

A 671151 N 431408

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður 003_01 um 76 m SSA við bæ 001 og um 10 m suðvestan við kálgarð 002_02. Á sama stað er garðlag (nr. 16) merkt á afstöðumynd danskra arkitektanema frá 1974 (myndir 8 og 17 (efst)), merkt sem leifar af tröð 006, en ekki er ólíklegt að garðlagið hafi jafnframt verið norðvesturhlið kálgarðsins 1918. Heygarður 003_02 er sýndur sambyggður norðvesturenda garðlagsins á afstöðumyndinni (nr. 15).

Minjarnar sjást vel á loftmynd frá 1954 í loftmyndasafni Landmælinga Íslands og náðu þær yfir svæði sem var um 22 x 6 m og sneri norðvestur-suðaustur. Þar sem garðarnir voru er röð af öspum sitt hvoru megin við heimreið 006 að bæ 001. Umhverfis er smáþýft tún í órækt. Ekki sjást merki um kálgarðinn á yfirborði og hefur minjunum líklega verið rutt út.

Heimildir: Túnakort 1918; Örafi II 1978, L51; LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 18. Þúst af heygarði 003_02, horft til norðausturs. Ljósmynd tók Kristjana Vilhjálmsdóttir.

SF-044:003_02 þúst heygarður

A 671144 N 431414

Þar sem heygarður 02 sést á loftmynd frá 1954 er óljós grasigróin þúst, um 10,5 x 5,5 að stærð (norðvestur-suðaustur) og 20-30 cm á hæð (myndir 17 (efst) og 18). Þústin er stórþýfðari en umhverfið og sjást mosagrónir steinar á stöku stað. Þústin hefur líklega myndast þegar gördum 01 og 02 var rutt út.

Heimildir: Túnakort 1918; LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:004_01 Rauðaberg (Neðribær) bæjarhóll bústaður

A 671184 N 431278

Í örnefnaskrá segir: “Framan við Traðarlæk í Hólstúni stóð einn bærinn á Rauðabergi, en þar er nú svolítill kvos aðeins. Þar framan við eru klettur, sem nefnast einu nafni Hólstúnsklettur.” Líklegt er að hér sé um að ræða Neðribæ, sem skráður er svo í fasteignamati frá 1917: “5. Rauðaberg, bændaeign (Neðribær). Eigandi Jón Guðmundsson, Hoffelli. Ábúandi Bjarni Bjarnason. [...] Íveruhús lítilfjörlegt með torfpaki.” Á þessum stað er graslendi og leifar af steinsteyptum húsum frá 20. öld (mynd 19), um 20 m suðvestan við heimreiðina (006) heim að Rauðabergi II sem er um 200 m ofar í hlíðinni til NNV.

Heimildir: Túnakort 1918; LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954; Ö-Rauðaberg SE, bls. 5; Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 82.


Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.

SF-044:004_02 heimild kálgarður

A 671199 N 431274

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður fast austan og norðaustan við Neðribæ 004_01. Í fasteignamati frá 1917 segir m.a.: “Kálgarðar ekki í góðri rækt, votlendir, gefa af sér 4 tunnur.” Á þessum stað er graslendi og leifar af steinsteyptum húsum frá 20. öld, um 20 m suðvestan við heimreiðina (006) heim að Rauðabergi II sem er um 200 m ofar í hlíðinni til NNV. Ekkert sést til skýrra leifa af kálgarðinum (mynd 19) en hann sést mjög vel á gamalli loftmynd frá 1954 í safni Landmælinga Íslands.



Mynd 19. Minjar beggja vegna við heimreiðina heim að Rauðabergi II SF-044:001_01. Gula línan afmarkar gróflega útlínur skráningarreitsins 2024 umhverfis lóð 1 austan vegar. Fast vestan við heimreið eru leifar af bjarstæði Neðribæjar SF-044:004 og minjum tengdum honum (hugsanlegt brunnhús 051, rétt 053 og þústir 052 og 054).

Heimildir: Túnakort 1918; Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 82; LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:004_03 heimild kálgarður A 671172 N 431274

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður fast suðvestan við Neðribæ 004_01. Í fasteignamati frá 1917 segir m.a.: "Kálgarðar ekki í góðri rækt, votlendir, gefa af sér 4 tonnur." Á þessum stað eru leifar af steinsteypum útihúsum frá 20. öld og graslendi, um 20 m suðvestan við heimreiðina (006) heim að Rauðabergi II sem er um 200 m ofar í hliðinni til NNV. Ekkert sést til leifa af kálgarðinum vegna sléttunar (mynd 19).

Heimildir: Túnakort 1918; Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 82.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.

SF-044:005 tóft fjárhús A 671269 N 431357

Á túnakorti frá 1918 er fjárhús með hlöðu um 110 m ASA við bæ 002. Á svipuðum stað er fjárhús merkt á afstöðumynd danskra arkitektanema frá 1974. Fjárhústóftin er í jarði Klettatúns, suðaustan Flatarlækjar. Tóft 036 er um 10 m til norðausturs. Klettatún er smápýfð grasi vaxin aflöng lögð sem snýr ANA-VSV. Langhliðar túnsins eru afmarkaðar af klettabeltum og eru tóftir 005 og 035-037 í röð ASA-VNV sunnan undir klettunum sem afmarka NNV-hlið Klettatúns (myndir 20-22). Klettarnir um 1 m á hæð á þessu svæði.

Tóftin er einföld, um 11 x 8 m og snýr NNA-SSV. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti að þremur hliðum en þil hefur verið á SSV-hlið. Bárujárnsþak hefur verið á tóftinni en er fallið ofan í hana. Gluggi hefur verið yfir dyrum á SSV-hlið. Breidd veggja er um 1,2-2 m, minnst á NNA-hlið, og hæð um 0,8-1,6 m að utanverðu en 0,8-1,2 m að innanverðu. Veggirnir eru að mestu grasi grónir að utanverðu en hleðslur sjást vel að innan. Þær eru aðeins teknar að liðast í sundur en mest eru teljanleg 6-7 umför af grjóti.


Heimildir: Túnakort 1918; Öræfi II 1978, L51.

Almennt hættumat: engin hætta.


Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 20. Fjárhús 005, borft til ANA. Ljósmynd Kristjana Vilbjálmsdóttir.



Mynd 21. *Útibúsaþyrping í Klettatúni austast í heimatúni Rauðabergs II innan lóðar 1.*



Mynd 22. Grjót og torfhláðnar útibústóftir í Klettatúni.

SF-044:006 Traðir heimild leið

A 671138 N 431438


“Vestan við Flötinn eru Traðir, sem liggja heim að efsta bænum við fjallið,” segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 er heimreið sem er um 90 m löng og snýr í NNV-SSA. Hún fer inn á heimatúnið meðfram norðausturhlið kálgarðs 003_01 og endar við suðurhlið bæjar 001. Á afstöðumynd danskra arkitektanema eru leifar af tröð merktar þar sem kálgarður 003_01 lá upp við heimreiðina.

Gróinn vegur, lítið eitt upphlaðinn, liggur að bæ 001 úr SSA. Röð af öspum hefur verið plantað meðfram báðum hliðum hans á um 80 m kafla næst bænum. Ekki sjást merki um gömlu traðirnar og hefur líklega verið sléttað úr þeim við gerð yngri vegar.

Heimildir: Túnakort 1918; Örnefi II 1978, L51; Ö-Rauðaberg SE, 5.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 23. Traðir 006, horft til SSA.

SF-044:022 Kvíaklettur tóft kvíar

A 670920 N 431436

“Norðan við þá mýri [Innri-Mýri] er hraun, sem heitir Langi-Kvíaklettur. Austan við þann klett er Kvíaklettur, nú innan túngirðingar.” segir í örnefnaskrá. “Framan við Langa-Kvíaklett er skúti, sem girðingin var við. Við Kvíaklett sést fyrir tættum.” segir í viðbótum við örnefnaskrá. Tóft er fast undir Kvíakletti um 170 m suðvestan við bæ 001_01 og um 10 m austan við grýttan farveg Bæjarlækjar (mynd 24). Tóftin er í smápýfðu graslendi en rétt norðaustan við tóftina er lítt gróinn klettakollur og melur.


Ferhyrnd illgreinileg tóftin er alveg upp við Kvíaklett og gegnir hann hlutverki norðurveggs. Tóftin er um 5 x 10 m á stærð og snýr ANA-VSV. Veggir tóftarinnar eru torfhláðnir og töluvert hlaupnir í

þúfur. Þeir eru um 0,5 m á hæð og um 0,3 m á breidd. Innangengt er í tóftina á suðurhlið hennar en innanmálið er nokkuð óljóst.

Heimildir: Ö-Rauðaberg SE, 2-3; Ö-Rauðaberg EJ, 2.

Almennt hættumat: hætta vegna landbrots.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.



Mynd 24. Tóft 022 undir Kviakletti í suðvesturborni heimatúns, um 10 m innan og austan við túngarð 041, horft til ANA. Ljósmynd tók Brynja Árnadóttir.

SF-044:026_01

tóft

fjárhús

A 671367 N 431376

“Efst í því [Klettatúninu] er klettastrýta, framan við hana er fjárhúsrúst gróin. Af Elíasar [Júlíussonar, bónda] byggði þetta fjárhús með aðstoð Sigurðar í Slindurholti,” segir í örnefnaskrá. Þessi fjárhústóft er um 300 m ASA af bæ 001 og um 60 m austur af tóft 037. Klettatún er smáþýfð grasi vaxin aflöng lögð sem snýr ANA-VSV og eru langhliðar túnsins afmarkaðar af klettabeltum. Nærri ANA-enda túnsins, er klettastrýta, um 2,5 m á hæð og er tóftin byggð fast suðvestanundir strýtunni.

Tóftin er um 8 x 5,5 m og snýr norðaustur-suðvestur (myndir 25 og 26). Hún er einföld og opin til suðvesturs. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er að mestu grasi gróin en þó sést í grjót að innanverðu á nokkrum stöðum. Mest eru greinanleg 2-3 umför af grjóti á norðausturhlið. Breidd veggja er 1,5-2,5 m, mest á norðausturhlið. Hæð veggja að utan er 30-100 m en 50-70 m að innan, hæst suðaustantil. Rof er í veggjum á stöku stað að utanverðu. Rúlla af girðinganeti er innan í tóftinni.


Heimildir: Ö-Rauðaberg SE, 4.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.



Mynd 25. Fjárhúsrúst 026_01, horft til NA.



Mynd 26. Fjárhústóft 026_01, leifar af grjótgarði 044 og túngarði 041 efst í Klettatúni í norðausturborni heimatúns.

SF-044:026_02 heimild legstaður A 671367 N 431375

“Efst í því [Klettatúninu] er klettastrýta, framan við hana er fjárhúsrúst gróin. Af Elíasar byggði þetta fjárhús með aðstoð Sigurðar í Slindurholti. Þegar þeir voru að taka fyrir húsinu, fundu þeir þarna smábein. Sagt var, að þetta væri útburður. Þegar húsið var tekið í notkun, voru dætur afa hans að telja ærnar inn. Fannst þeim, að eina ána vanti, þegar þær renna inn. Önnur stúlkan fer inn að telja ærnar, hin bíður í dyrunum. Meðan hún er að telja, heyrir þeim þær heyra í útburðinum það ógurlegasta og leiðilegasta hljóð, sem þær nokkru sinni höfðu heyrt,” segir í örnefnaskrá.

Ekki er vitað nákvæmlega hvar við tóftina beinin fundust.

Heimildir: Ö-Rauðaberg SE, 4.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.

SF-044:027 hleðsla óþekkt A 671151 N 431442

Lítill hleðsla er um 70 m suðaustur af bæ 001 og um 15 m norðvestan við bæ 002. Umhverfis hleðsluna er smápýft tún í órækt. Vegur að bæ liggur um 10 m suðvestan við hleðsluna og hefur öspum verið plantað meðfram veginum.

Hleðslan er L-laga, um 2,5 x 2 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hæð veggja er 35-50 cm á hæð og breidd svipuð. Hleðslan er grasi gróin og sést hvergi í grjót. Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt. Hægt er að greina þetta mannvirki á gamalli loftmynd frá 1954. Hugsanlega er hér um að ræða leifar af norðvesturhorni kálgarðs 002_02, sem gæti hafa verið stækkaður til norðvesturs eftir 1920 (mynd 17, lengst til vinstri).

Heimildir: LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.

SF-044:028

tóft

rétt

A 671355 N 431332


Í afsali á lóð 1 að Rauðabergi frá árinu 1974 er rétt (5) merkt inn á örnefna- og merkjakort sem var meðfylgjandi. Kortið er líklega teiknað að leiðsögn Elíasar Júlíussonar síðasta bónda að Rauðabergi II. Réttin er greinileg og er um 270 m austan við bæjarhól 001_01 og um 150 m NNA við heimreiðina (006) heim að bænum. Mói er umhverfis réttina og til norðausturs er töluvert af grjóti sem er hrun úr hlíðum Rauðabergsfjalls. Um 12 m suðaustan við réttina er girðing sem afmarkar heimatúnið.

Réttin er alveg upp við klettana austan undir Klettatúni og gegna þeir hlutverki suðausturveggs hennar (myndir 21 og 27). Ferhyrnd réttin er 4 x 14 m á stærð og snýr í norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, um 1,4 m á hæð og sjást mest 7 umför af grjóthleðslum í þeim, en norðausturveggurinn er alveg hruninn. Líklega hefur verið innangengt í tóftina á suðvestur hlið.

Heimildir: Afsal Rauðabergs II, lóð 1, 1974.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: engin hætta.



Mynd 27. Rétt 028 austan undir Klettatúni, borft til ANA. Ljósmynd tók Brynja Árnadóttir.

SF-044:029

garðlag

landamerkjagarður

A 671248 N 431430

Garðlag er vestan við Flatarlæk, um 130 m austur af bæ 001. Vestari endi garðlagsins er um 20 m suður af tóftum 033 og 034. Samkvæmt afsali að lóð 1 í landi Rauðabergs II voru hér landamerki í túni milli Rauðabergs I og II (sjá einnig garðlag 038; mynd 4 og yfirlitskort 3 í viðauka). Garðurinn liggur um smáþýft tún í órækt. Lágir hólar eru norðan og sunnan við garðlagið. Flatarlækur er fast austan við garðlagið en það liggur yfir Traðarlæk.

Garðlagið er um 66,5 m á lengd og liggur VNV-ASA. Það er grjóthlaðið, 70-80 cm í þvermál og 35-50 cm á hæð. Mest eru 2 umför af grjóti í hleðslum. Grjótið er mosa og skófum vaxið og er sums staðar tekið að gróa yfir hleðslur. Leifar af gaddavírsgirðingu liggja meðfram garðlaginu en girðingin nær lengra til ASA.



Mynd 28. Landamerkjagarður 029, borft til austurs.

Heimildir: Túnakort 1918; Afsal Rauðabergs II, lóð 1, 1974.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.

SF-044:030 Ekra heimild bústaður A 670947 N 431584

“Inn við Skriðu heitir Ekra. Þar bjó einu sinni bóndi Jón heitinn Bjarnason,” segir í örnefnaskrá. “Ekra er smágrashóll. Maður, sem ekki er dáinn fyrir löngu, bjó þar eitt ár. Elías hefur heyrt að þar hafi áður verið rústir,” segir í viðbótum Elíasar Júlíussonar bónda við örnefnaskrá. Ekra er einnig merkt inn á örnefna- og merkjakort af lóð 1 í afsali Rauðabergs II frá árinu 1974 (sjá mynd 1, í vesturenda heimatúns, og yfirlitskort 1 í viðauka). Kortið er líklega teiknað að leiðsögn Elíasar sem var síðasti bóndi að Rauðabergi II.

Samkvæmt kortinu var Ekra í fjallsrótum í bláenda heimatúns um 150 m VNV við Rauðaberg II (001_01), um 6 m suðaustan við túngarð 041 og um 40 m austan við farveg Bæjarlækjar. Á þessum stað er grasi og mosagróin grýtt fjallshlíð sem hallar mildilega til suðausturs. Ekki sést til fornleifa á yfirborði á þessum stað en á loftmynd er hægt að greina grasgrænan ferhyrning í léttgróinni skriðunni, sem er um 8x5 m að flatarmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Þarna hefur líklega verið grafin einföld tóft inn í fjallshlíðina sem er að mestu horfin líklega vegna jarðsils og uppfyllingar.

Heimildir: Ö-Rauðaberg SE, 4; Rauðaberg EJ, 2; Afsal Rauðabergs II, lóð 1, 1974.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.

SF-044:032 tóft lambhús A 671177 N 431522

Á afstöðumynd danskra arkitektanema frá 1974 er lambhús merkt norðaustan við bæ 001. Tóft lambhússins er um 90 m norðaustur af bæ 001. Tóftin er í miðjum skógræktarreit og hefur grenitrjám verið plantað um 1-2 m frá tóftinni. Skógarbotninn er gróðurlítill. Svæðið er í aflíðandi halla til SSV (myndir 29 og 30).

Tóftin er einföld, um 8,5 x 5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti með op á miðri SSV-hlið. Tóftin er lítið eitt grafin inn í brekkuna og er hæð veggja 30-70 cm að utan, lægst á ASA-hlið, en 70-120 cm að innan, lægst SSV-til. Breidd veggja er 1-1,5 m. Hleðslur eru nokkuð teknar að renna í sundur en allt að 5 umför af grjóti eru greinanleg í veggjum. Tóftin er að hluta mosa og grasi gróin að utanverðu en gróður er tiltölulega rýr líkt og umhverfis tóftina. Rof er í tóftinni á nokkrum stöðum að utanverðu, mest áberandi við SSA-horn.



Mynd 29. Tóft 032, borft til ANA.

Heimildir: Örafi II 1978, L51.

Almennt hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda

SF-044:033 tóft. hesthús A 671205 N 431465

Á afstöðumynd danskra arkitektanema frá 1974 er hesthús merkt austan við bæ 001. Tóftin er um 110 m austur af bæ 001 og um 1 m suðvestan við tóft 034. Tóftir 033 og 034 eru syðst í Hólunum, sem er röð af lágum hólum sem liggja frá fjallshlíðinni og til suðvesturs. Umhverfis tóftirnar er smáþúft tún í

órækt. Grýttara er utan gamla túnsins til norðurs og norðausturs og skriður Rauðabergsfjalls þar ofan við. Skógræktarreitur með aspartrjám er um 1-3 m norðan við tóftirnar.

Tóftin er einföld, um 9,5 x 6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á miðri suðvesturhlið. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, grasi gróin að utanverðu en grjót sést vel að innan þó hleðslur séu teknar að liðast í sundur. Mest eru greinanleg 5 umför af grjóti. Austari helmingur tóftarinnar er grafin inn í hól og er hæð veggja 70-100 cm að utanverðu vestantil en 20-40 cm austantil. Breidd veggja er 1,2-2 m. Rof er í norðvesturhlið tóftarinnar að utanverðu og sést í bárujárnsbrak í sári. Tóftin er full af upprúlluðu girðinganeti og gaddavír, spýtna- og járnbraki.

Heimildir: Öræfi II 1978, L51.

Almennt hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 30. Útihústóftir norðaustan og ofan við bæ 001 að Hólum (033 og 034) og í Pálsbrekku (032 og 42).



Mynd 31. Útbústóftir 033 (vinstri, horft í ANA) og 034 (hægri, horft í NA). Ljósmyndir Kristjana Vilbjálmsdóttir.

SF-044:034 tóft fjárhús A 671213 N 431466

Á afstöðumynd danskra arkitektanema frá 1974 er kindakofi merktur austan við bæ 001. Tóftin er um 120 m austur af bæ 001 og um 1 m norðaustan við tóft 033 (myndir 30 og 31). Tóftir 033 og 034 eru syðst í Hólunum, sem er röð af lágum hólum sem liggja frá fjallshlíðinni og til suðvesturs. Umhverfis tóftirnar er smápýft tún í órækt. Grýttara er utan gamla túnsins til norðurs og norðausturs og skriður Rauðabergsfjalls þar ofan við. Skógræktarreitur með aspartrjám er 1-3 m norðan við tóftirnar.

Tóftin er einföld, um 6,5 x 5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Inngangur er á miðri suðvesturhlið. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, grasi gróin að utanverðu en grjót sést vel að innan þó hleðslur séu teknar að liðast í sundur. Mest eru greinanleg 3 umför af grjóti. Tóftin er hlaðin úr tiltölulega stóru grjóti, 30-40 cm í þvermál. Tóftin er að hluta grafin inn í hól að suðaustan- og norðaustanverðu, Breidd veggja er um 1,5 m og hæð víðast um um 35-70 cm að utan en lægri á suðausturhlið, um 10-15 cm. Hæð veggja að innan er 70-85 cm.

Heimildir: Örafi II 1978, L51.

Almennt hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:035 tóft hlaða A 671287 N 431364

Á afstöðumynd danskra arkitektanema frá 1974 er hlaða merkt inn suðaustan við bæ 001. Tóftin er í jaðri Klettatúns, suðaustan Flatarlækjar, um 230 m suðaustur af bæ 001 og um 10 m norðvestur af tóft 005 (myndir 21, 22 og 32). Tóftin er ekki sýnd á túnakorti frá 1918, ólíkt tóft 005, og hefur líklega verið hlaðin eftir að kortið var gert. Hlaðan sést undir þaki á loftmyndum í Loftmyndasjá Landmælinga Íslands fram yfir 1980. Klettatún er smápýfð grasi vaxin aflöng lögð sem snýr ANA-VSV. Langhliðar túnsins eru afmarkaðar af klettabeltum og eru tóftir 005 og 035-037 í röð ASA-VNV sunnan undir klettunum sem afmarka NNV-hlið Klettatúns. Klettarnir um 1 m á hæð á þessu svæði.



Mynd 32. Hlöðutóft 035, horft til NNA.

Tóftin er einföld, um 8 x 7 m að stærð og snýr norður-suður með op til suðurs. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti fast upp við klettabeltið og nýtir það fyrir norðurhlið. Tóftin er grasi gróin að utanverðu

en hleðslur sjást vel að innanverðu. Grjóthleðslurnar eru að mestu hrundar inn í tóftina á vesturhlið en greinanleg eru 5-6 umför af grjóti í veggjum á austurhlið. Tóftin er niðurgrafin og er um 35 cm kantur við inngang á suðurhlið. Hæð veggja er um 0,7-1 m að utanverðu en 1-1,8 m að innanverðu. Bárújárnsbrak er inni í tóftinni. Miðað við loftmyndir Landmælinga Íslands hefur tóftin haft þak úr bárújárni.

Heimildir: Öræfi II 1978, L51; Loftmyndasjá LMÍ.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.

SF-044:036 tóft útihús

A 671295 N 431363

Lítil tóft er í jaðri Klettatúns, um 240 m suðaustur af bæ 001 og um 2 m austan við tóft 035. Tóftin sést undir þaki á loftmynd frá 1954 en hefur verið komin úr notkun fyrir 1969. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en að öllum líkindum er um útihús af einhverju tagi að ræða. Klettatún er smáþýfð grasi vaxin aflöng lægð sem snýr ANA-VSV. Langhliðar túnsins eru afmarkaðar af klettabeltum og eru tóftir 005 og 035-037 í röð ASA-VNV sunnan undir klettunum sem afmarka NNV-hlið Klettatúns (myndir 21, 22 og 33). Klettarnir eru um 1 m á hæð á þessu svæði.



Mynd 33. Útibústóft 036, borft til ANA.

Tóftin er einföld, um 6 x 5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin fast upp við klettabeltið en hleðslur eru á öllum hliðum nema suðvesturhlið sem er opin. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, að mestu grasi gróin en grjót sést þó á nokkrum stöðum að innanverðu, best á suðvesturhlið þar sem greina má 2-3 umför af grjóti. Hæð veggja er um 50-70 cm að innanverðu en 20-30 cm að utanverðu. Breidd veggja er um 1,5 m. Miðað við loftmynd 1956 hefur tóftin líklega haft þak úr bárújárni.

Heimildir: LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954; LMI-Kort-B17-B-4642, 1969.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.

SF-044:037 tóft óþekkt

A 671305 N 431369

Óljós tóft er í jaðri Klettatúns, um 240 m suðaustur af bæ 001 og um 3 m norðaustan við tóft 036. Klettatún er smáþýfð grasi vaxin aflöng lægð sem snýr ANA-VSV. Langhliðar túnsins eru afmarkaðar af klettabeltum og eru tóftir 005 og 035-037 í röð ASA-VNV sunnan undir klettunum sem afmarka NNV-hlið Klettatúns (myndir 21, 22 og 34). Klettarnir um 1 m á hæð á þessu svæði.



Mynd 34. Tóft 037, borft til norðausturs.

Tóftin er hlaðin fast upp við klettabeltið og myndar þríhyrningslaga rými upp við klettana með L-laga hleðslu sem er um 7 m á lengd og 6 m á breidd (austur-vestur). Op er inn í rýmið við suðvesturhorn. Tóftin er að mestu grasi gróin en þó glittir í grjót á stöku stað. Hæð veggja er um 20-30 cm. Breidd veggja er um 1,5 m

á suðurhlið en um 1 m á austurhlið. Fallin netagirðing liggur samhliða austurhlið. Garðlag 038 er í u.þ.b. sömu stefnu og austurhlið tóftarinnar. Mögulegt er að það hafi náð að tóftinni og verið sambyggt henni.

Heimildir: engar.

Almennt hættumat: engin hætta

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.

SF-044:038 garðlag landamerkjagarður A 671316 N 431337
Garðlag liggur yfir Klettatún, um 260 m suðaustur af bæ 001 og um 18 m sunnan við tóft 037. Garðlagið afmarkar þann hluta Klettatúns sem sýndur er sem tún á túnakorti frá 1918. Samkvæmt afsali að lóð 1 í landi Rauðabergs II voru hér landamerki í túni milli Rauðabergs I og II (sjá einnig garðlag 029; mynd 4 og yfirlitskort 3 í viðauka). Klettatún er smáþýfð grasi vaxin aflöng lægð sem snýr ANA-VSV. Langhliðar túnsins eru afmarkaðar af klettabeltum og eru tóftir 005 og 035-037 í röð ASA-VNV sunnan undir klettunum sem afmarka NNV-hlið Klettatúns. Leifar af vírgirðingu liggja meðfram garðlaginu, um 50 cm vestan þess.

Garðlagið nær frá klettunum sem afmarka SSA-hlið Klettatún og um 26 m til norðurs en fjarar út u.þ.b. í túninu miðju. Það er um 50-70 cm á breidd og 20-40 cm á hæð, og eru mest sjáanleg 2 umför í hleðslum. Garðlagið er á köflum hlaðið úr nokkuð stóru grjóti, allt að 70 cm í þvermál. Grjótið er skófum vaxið og er nokkuð tekið að gróa yfir hleðslur. Garðlagið er í u.þ.b. sömu stefnu og austurhlið tóftar 037. Mögulegt er að það hafi upphaflega náð að tóftinni og verið sambyggt henni.

Heimildir: Túnakort 1918; Afsal Rauðabergs II, lóð 1, 1974.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.



Mynd 35. Garðlag 038 á landamerkjum, horft til ASA.

SF-044:039 tóft. útihús A 671223 N 431353
Tóft er á Fleti norðvestan við Klettatún, um 180 m suðaustur af bæ 001 og um 40 m vestur af fjárhústóft 005 (myndir 19, 21 og 36). Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en að öllum líkindum er um útihús að einhverju tagi að ræða. Sunnan við tóftina er sléttað tún í órækt en þýfðara norðan til. Tóftin er grafin inn í lágan grasi vaxinn klettahól, suðvestan til í hólnum. Flatarlækur er um 20 m norðvestan við tóftina.

Tóftin er einföld, um 6 x 5,5 m og snýr norðaustur-suðvestur með op til suðvesturs. Hæð veggja er víðast 50-70 cm en um 30 cm að utanverðu norðantil. Breidd veggja er um 1,5-2 m. Tóftin er að mestu grasi gróin en grjót sést að stöku stað að innanverðu og eru mest greinanleg 3 umför af grjóti í hleðslum.

Heimildir: engar.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 36. Útihústóft 039, horft til norðausturs.

SF-044:040

gata

leið.

A 671153 N 431482

Skýrar götur eru um grasgróinn bæjarhólinn að Rauðabergi II (myndir 9 og 30) og graslendið til norðausturs sem myndast hafa við ferðir milli húsa. Gata liggur með suðvestanverðum bæjarhól og tengist leið SF-631:002 í vestri við Suðurlæk, og til norðausturs upp í hesthús 033 og fjárhús 034. Götunarnar eru samsíða 1-3 rásir um 0,2-0,4 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Búið er að slétta úr götunum á hlaði og bílastæði.

Heimildir: engar.**Almennt hættumat:** hætta vegna skógræktar.**Hættumat verkefnis:** stórhætta vegna framkvæmda.**SF-044:041**

garðlag

túngarður

A 671161 N 431396

Skýr túngarður umlykur mestallt heimatúnið að Rauðabergi II (myndir 1 og 37) og skiptist á að vera 1-2 m utan og innan landamerkjagirðingar sem afmarkar nú heimatúnið og nær hann umhverfis og út fyrir stærra svæði (um 450x200-300 m flatarmál) en mörk túnakorts sýna árið 1918.

Heildarlengd garðsins er um 750 m. Enginn túngarður er meðfram Klettatúni að austanverðu þar sem klettabelti afmarkar túnið. Garðurinn kemur í ljós í norðausturhorni túns og liggur norðurhluti túngarðsins með rótum Rauðabergsfjalls í grasgrónum skriðum á um 500 m löngum kafla ASA-VNV. Þar er garðurinn grjóthlaðinn, allt að um 1,1 m á hæð (4-5 umför). Á köflum er hann töluvert hruninn og aðeins einföld steinaröð eftir. Þar að auki er hann einnig rofinn reglulega vegna hruns úr fjallinu og ferða búpenings. Með norðvesturhlíð heimatúnsins beygir hann frá fjallinu niður til suðvesturs í átt að Bæjarlæk. Þar er túngarðurinn aðeins um 75 m löng einföld steinaröð sem liggur norðaustur-suðvestur. Þaðan er hann síðan rofinn af skriðu og lækjarfarvegi þar til komið er að Kvíakletti (022) um 130 m sunnar. Þar er garðurinn aftur mjög skýrt torf- og grjóthlaðinn, 1-1,5 m á breidd og allt að 1 m á hæð á 50 m löngum kafla í suðvesturhorni túns. Svo verður hann aftur aðeins ein steinaröð og gengur það til skiptis í gegnum Guðnýjarbakka 043. Syðsti hluti túngarðsins austan Guðnýjarbakka er torf- og grjóthlaðinn og töluvert hlaupinn í þúfur. Hann er í mikilli mýri og hefur komið rof í hann vegna þess en hann er þó 1,5-2 m á breidd og allt að 0,7 m á hæð. Suðausturhluti garðsins er meðfram Hólstúni norðanverðu um 115 m til norðausturs upp að heimreið (sjá 006), beygir þar til SSA og liggur meðfram veginum vestanverðum um 110 m niður til suðausturs. Sá hluti er torf- og grjóthlaðinn, 1,5-2,5 m á breidd og allt að 0,8 m á hæð og eru stórir grjóthnullungar í honum á nokkrum stöðum. Garðurinn hverfur fast norðaustan við bæjarstæði Neðstabæjar 004, um 15 m suðvestan við enda Klettatúns, en samkvæmt loftmynd frá 1954 hefur hann líklega náð um 15 m lengra til SSA niður að klettabeltinu sunnan Neðstabæjar (mynd 48).



Mynd 37. Túngarður 041 fast vestan við tröð 006 heim að bæ 001 (borft til NNV) og í norðausturhorni heimatúns (borft til VNV).

Hugsanlega er einnig hægt að sjá smá leifar af túngarði austan vegarins á þessu svæði á um 25 m löngum kafla en það er mjög óljóst.

Heimildir: Túnakort 1918.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:042 gerði kálgarður

A 671190

N 431546

Skýr kálgarðstöft er efst í Pálsbrekku um 11 m norðaustan við tóft 050 og um 70 m norðaustan við bæjarhól 001 (myndir 30 og 37). Tóftin er í móa við rætur Rauðabergsfjalls, rétt ofan við girðingu sem afmarkar heimatúnið og um 10 m til suðurs er lítill trjálundur af barrtrjám. Tóftin er í brattri brekku sem hallar til suðvesturs og girðing sker suðvesturhlið hennar.

Tóftin er torfhlaðin en einstöku steinar sjást á stangli í henni en þeir eru að öllum líkindum hrun úr hliðum Rauðabergsfjalls. Tóftin er ferhyrnd, um 9 x 18 m að flatarmáli og snýr VNV-ASA. Veggirnir eru mjög útflattir og nokkuð hlaupnir í þúfur. Þeir eru hæstir um 0.5 m. Ekki er ljóst á hvaða hlið hefur verið innangengt í tóftina og er innanmál hennar er einnig mjög illgreinanlegt nema til norðausturs.

Heimildir: Túnakort 1918.

Almennt hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 38. Kálgarður 042, horft til ASA

SF-044:043 Guðnýjarbakki

garðlag

túngarður

A 670990

N 431326

Í afsali lóðar 1 að Rauðabergi II frá árinu 1974 er gerði sem kallast Guðnýjarbakki suðvestan við bæ 001. Skýrt garðlag er á þessum stað um 140 m suðvestan við bæ 001 og um 78 m suðaustan við tóft 022 (myndir 39 og 40). Þýfð mýri er fast suðaustan og norðaustan við garðlagið sem tekið er að hlaupa í þúfur og lítil lækjarspræna er fast til suðausturs.

Garðlagið er L-laga og hefur líklega umlukið stórt gerði sem var um 53 x 29 m að flatarmáli að norðan og austan innan heimatúns og snéri NNA-SSV. Norðvesturveggur gerðis er illgreinilegur. Garðlagið er torfhlaðið, um 0,8 metrar á hæð og 1-2 má breidd. Líklegt er að gerðið hafi alls verið um 120x80 m að flatarmáli og sé kennt við Guðnýju Magnúsdóttur sem bjó að Rauðabergi þegar fasteignamat var gert árið 1917 (sjá SF-044:060). Um 20 m utan og sunnan deiliskráningarsvæðis í suðausturhorni hólsins er greinileg tóft 063 sem hugsanlega gæti hafa verið útihús eða býli en hún var ekki skráð að svo stöddu.


Heimildir: Afsal Rauðabergs II, lóð 1, 1974; Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1917, bls. 84.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.



Mynd 39. Túngarður 043, horft til norðausturs.



Mynd 40. *Guðnýjarbakki og garðlag 043 í suðvesturborni lóðar 1, norðan og sunnan við syðri mörk skráningarsvæðis. Óskeráð tóft 063 sést í útjaðri vesturhluta gerðisins.*


SF-044:044 garðlag túngarður A 671384 N 431359

Túngarðlagsstubbur er um 22 m ANA við bæ 001 og tæpum 29 m austan við tóft 027. Garðlagið er í þýfðum móa og liggur upp bratta brekku í átt að rótum Rauðabergsfjalls (myndir 21 og 26). Hrun úr fjallinu er umhverfis garðlagið. Garðlagið er grjóthlaðið og byrjar hjá klettum austan Klettatúns í suðvestri og liggur síðan um 61 m í norðaustur upp fyrir heimatún þar sem það stoppar við fleiri kletta ofar í brekkunni. Garðlagið er 0,7 m á hæð og 1 m á breidd. Um 16 m frá klettunum við suðurenda er garðlagið skorið af girðingu sem afmarkar heimatúnið. Nokkrum metrum norðaustar tengist túngarður 041 garðlaginu úr vestri.

Heimildir: engar.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.



Mynd 41. Tóftaleifar 045 og 046 og vatnsból 050 fast vestan við Suðurlæk, rétt vestan við bæjarból að Rauðabergi II.

SF-044:045 tóft útihús

A 671019 N 431519

Óljós tóft er staðsett í Ekrubotni, um 51 m suðaustan við bæjarból 001 og um 27 m suðaustan við tóft 046. Tóft þessi er ekki teiknuð á túnakort frá 1918. Tóftin er í þýfðum móa og eru steinar úr Rauðabergsfjalli allt umhverfis hana. Uppspretta Ekrulækjar er aðeins um 14 m til suðvesturs.

Tóftin er sporöskjulaga, um 12x7 m að flatarmáli og um 0,5 m á hæð. Hún snýr í norðaustur-suðvestur og er flöt að ofan. Grjót stendur út úr hliðum hennar suðvestan megin og gæti það hafa verið hluti af vegg. Á suðausturhlið þústarinnar er mögulegt hólfi. Það er ferhyrningslaga, snýr í norðvestur-suðaustur og er um 3x1 m að stærð. Innangengt hefur verið í hólfið á suðausturhlið þess. Ekki sést grjót í hólfinu. Mjög líklega var hér útihús en nákvæmt hlutiverk er óþekkt.

Heimildir: engar.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.



Mynd 42. Tóftarleifar 045, horft til norðvesturs

SF-044:046

tóft

útihús

A 671060

N 431517

Útflött tóft er vestan Suðurlækjar, um 11 m suðaustan við bæjarhól 001. Ekkert hús er sýnt á þessum stað á túnakorti frá 1918. Tóftin er í mjög þýfðum móa og er uppspretta Suðurlækjar fast til suðausturs. Rauðabergsfjall er til norðausturs (myndir 41 og 43).

Tóftin er sporöskjulaga upphækkun sem er um 23 x 15 að flatarmáli. Hún er um 1 m að hæð og snýr í norðaustur-suðvestur. Tóftin er töluvert þýfð og sjást einstöku steinar í henni, sem eru þó líklega hrun úr Rauðabergsfjalli. Í suðvesturenda tóftar er greinilegt ferhyrningslaga hól. Það er um 3,5 x 1,5 m á stærð og hefur verið innangengt í það á suðvesturhlið þess. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð nema á norðausturhlið, þá eru þeir um 1 m. Fast norðaustan við hólfið er önnur óljós ferhyrningslaga dæld um 2x2 m að stærð og gæti það verið annað hól. Mjög líklega er um útihús að ræða.

Heimildir: Túnakort 1918.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.



Mynd 43. Tóftarleifar 046, horft til norðausturs.

SF-044:047

tóft

útihús

A 671166

N 431541

Lítill tóft er ofan við skógræktarreit, um 85 m norðaustur af bæ 001 og um 11 m vestur af kálgarði 042 (myndir 30 og 44). Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er um útihús af einhverju tagi að ræða. Tóftin er sunnan undir fjallsrótum. Smáþýft gamalt tún í órækt er neðan við tóftina en grýtt hlið ofan við. Fallin gaddavírsgirðing er fast ofan við tóftina. Skógræktarreitur með grenitrjám er 5-7 m sunnan við tóftina.

Tóftin er um 3,5 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld, hlaðin úr torfi og grjóti, að mestu grasi gróin en þó glittir í grjót á stöku stað. Skýrast sést það á vesturhlið þar sem röð af grjóti sést neðst í veggnum. Breidd veggja er um 50-80 cm. Hæð veggja víðast um 45 cm að utanverðu en lægri að norðanverðu, um 10 cm. Hæð veggja að innanverðu er víðast um 10-30 cm en þó ekki nema tæpir 5 cm við suðausturhorn.

Heimildir: engar.

Almennt hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 44. Útibústóft 047, horft til ANA.

SF-044:048

þúst

óþekkt

A 671175

N 431535

Hálfgróin grjótpúst er í jaðri skógræktarreits um 90 m norðaustur af bæ 001 (myndir 30 og 45). Tóft 047 er um 8 m til norðvesturs og tóft 032 um 7 m til suðurs. Þústin er fast norðan við skógræktarreit með grenitrjám. Norðan við reitinn er smáþýft tún í órækt og grýtt fjallshlíð þar ofan við. Svæðið er í aflíðandi halla til SSV. Þústin er aflöng, um 3,5 x 1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er um 50 cm á hæð og er grjótið í henni mosagróið og að hluta að hverfa í gras. Grjót í þústinni er 20-40 cm í þvermál.

Heimildir: engar.

Almennt hættumat: stórhætta vegna trjáræktar.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 45. Þúst 048, borft til ASA.

SF-044:049

þúst

útihús

A 671081

N 431393

Þúst er í túni um 95 m sunnan við bæ 001. Umhverfis þústina er þýft tún í órækt, í aflíðandi halla til SSV. Hálfvallin girðing er um 2 m neðan við þústina. Þústin er um 7 x 5 m að stærð, 30-50 cm á hæð og snýr austur-vestur (sjá yfirlitskort 1 og mynd 46). Hún er grasi gróin, með tiltölulega skýrar útlínur og sléttari en umhverfið. Hlutverk er óþekkt en Hesthúsklettur 064 er í næsta nágrenni svo ekki er útilokað að um hesthústóft sé að ræða.

Heimildir: Ö-Rauðaberg SE, 5; LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 46. Þúst 049, borft til VNV.

SF-044:050

gryfja

vatnsból

A 671055

N 431491

Í fasteignamati Rauðabergs segir: “Vatnsból í læk við bæinn.” Kassalaga vatnsból er um 5 m vestan við Suðurlæk og um 20 m VSV við bæ 001_01 (myndir 41 og 47). Á þessu svæði er grasigróin og þýfð gömul skriða. Stór klettur, um 5x2,5 m stendur uppúr grasinu og í kolli hans hefur myndast mosateppi.

Undir klettinum er kassalaga vatnsgryfja, um 2,5 á lengd, um 1,5 m á breidd og snýr ANA-VSV. Heildardýpt er óljós en a.m.k. meira en 1 m, og ef hliðar hafa verið hlaðnar eru hleðslur fallnar saman. Bein rás liggur frá suðvesturhorni gryfjunnar til SSA niður í Suðurlæk sem er um 0,2 m á breidd og um 0,3 m á dýpt. Líklegt er að vatnsbólíð hafi verið fyllt, a.m.k. að hluta, og lækurinn grafinn til þess að hleypa vatni úr því til að minnka hættu.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 81.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 47. Vatnsból Rauðabergs II, borft til ANA.



Mynd 48. Bajarstaði Neðribæjar SF-044:004 árið 1954. Þar sjást greinilega bajarbúsin 004 og hugsanlegar tóftir 051 og 054 við Traðarlæk sem nú (2024) eru aðeins þústir. Þessar minjar eru utan við deiliskráningarreit á lóð 1 (gula línan) en eru teknar hér með þar sem þær eru <15 m frá mörkum hans, fast vestan við heimreiðina heim að Rauðabergi II SF-044:001 sem verður mikið notuð við framkvæmdir á svæðinu. Loftmynd: LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954. Loftmyndasafn Landmælinga Íslands, 2024.

SF-044:051 heimild vatnsból A 671178 N 431317
Í fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu frá 1917 segir: “Vatnsból í læk við bæinn [Neðribæ 004_01].” Í örnefnaskrá Rauðabergs segir: “Framan við hann [Hólstúnsklett] rennur lækur, kallaður Traðarlækur. Í hann falla að ofan Flatarlækur og lítill lækur, sem kemur undan hólnum í túninu og sá lækur er lindá, óbreytanlegur að magni vetur og sumar.”

Nákvæm staðsetning vatnsbóls í Neðribæ er óljós en hefur það líklega verið í Traðarlæk. Á loftmynd í safni Landmælinga Íslands frá árinu 1954 (myndir 19 og 48) sést óljós tóft eða mannvirki á austurbakka Traðarlækjar sem er um 6x5 m að flatarmáli sem gæti hafa verið brunnhús. Þessar minjar eru grasigrónar og óljósar í dag (2024).

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 82; Ö-Rauðaberg SE, 5; LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:052 þúst útihús A 671164 N 431267
Á túnakorti Neðribæjar frá 1918 er útihústóft um 20 m suðvestan við Neðribæ 004_01. Á loftmynd í safni Landmælinga Íslands frá árinu 1954 (myndir 19 og 48) sést óljós tóft eða mannvirki á bæjarstæðinu á þessum stað, sem er nokkuð óskýr (um 7x6 m að utanmáli) í dag (2024).

Heimildir: Túnakort 1918; LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.

SF-044:053 tóft rétt A 671209 N 431262
Fast undir Hólstúnsklettum er einföld rétt um 15 m suðaustan og neðan við gamla bæjarstæði Neðribæjar 004 og um 2 m vestan við heimreið heim að Rauðabergi II 001_01. Þar er graslendi í vegkantinum.

Tóftin er torf og grjóthlaðin, um 16 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr NNA-SSV (myndir 19 og 48). Gengið hefur verið inn í réttina upp við klettana sem mynda norðvesturvegg hennar í vesturhorni tóftar. Innanmál er 12x6 m. Veggir eru um 1,5-2 m á breidd en hæð er óljós.

Heimildir: LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: hætta vegna vegagerðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:054 þúst útihús A 671180 N 431335
Á loftmynd í safni Landmælinga Íslands frá árinu 1954 (myndir 19 og 48) sést óljós tóft eða mannvirki sem er um 5x5 m að utanmáli, um 4 m vestan við heimreið heim að Rauðabergi II 001_01. Þetta útihús er samfallið og grasigróið í dag (2024).

Heimildir: LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

Almennt hættumat: hætta vegna vegagerðar.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:055 heimild vatnsból A 671188 N 431406
Í fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu frá 1917 segir m.a.: “Vatnsból í læk við bæinn.” Í örnefnaskrá Rauðabergs segir: “Framan við hann [Hólstúnsklett] rennur lækur, kallaður Traðarlækur. Í hann falla að ofan Flatarlækur og lítill lækur, sem kemur undan hólnum í túninu og sá lækur er lindá, óbreytanlegur að magni vetur og sumar.” Nákvæm staðsetning vatnsbólsins að Hóli 002_01 er óljóst en gæti hafa verið í

lækjaruppsprettum um 20 m suðvestan við bæinn og 5-25 m austan við heimreið (sjá 006) heim að bæ (mynd 17), en engin ummerki um hleðslur eða mannvirki fundust á yfirborði á þessum stað.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 81-84; Ö-Rauðaberg SE, 5.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-044:056 heimild býli

Í fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu frá 1917 segir: “6. Rauðaberg, bændaeign (1,5 n.m.). Eigandi Jón Ófeigsson í Hafnarnesi. Ábúandi Páll Bergsson.” Við hvaða heimili þessi lýsing á er óljóst.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 83.

Almennt hættumat: óljóst.

Hættumat verkefnis: óljóst.

SF-044:057 heimild nátthagi

Í fasteignamati frá 1917 segir m.a.: "Helstu umbætur [að 6. Rauðabergi] síðustu 10 ár, er stækkun sáðgarða og nátthagi." Nákvæm staðsetning þessa nátthaga er óljós.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 83

Almennt hættumat: óljóst.

Hættumat verkefnis: óljóst.

SF-044:058 heimild kálgarður

Í fasteignamati frá 1917 segir: “Kálgarðar spretta illa, vegna bleytu, gefa af sér 1 1/2 tunnu. [...]. Helstu umbætur [að 6. Rauðabergi] síðustu 10 ár, er stækkun sáðgarða”. Við hvaða kálgarða er hér átt er óljóst.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 83

Almennt hættumat: óljóst.

Hættumat verkefnis: óljóst.

SF-044:059 heimild vatnsból

Í fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu frá 1917 segir m.a.: “Vatnsból [6. Rauðabergs] í læk við bæinn.” Nákvæm staðsetning þessa vatnsbóls er óljós en gæti átt við sama vatnsból og skráð er nr. 055.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 83

Almennt hættumat: óljóst.

Hættumat verkefnis: óljóst.

SF-044:060 heimild býli

Í fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu frá 1917 segir: “7. Rauðaberg, bændaeign (2,3 n.m.). Eigandi og ábúandi Guðný Magnúsdóttir. [...] Íbúðarhús lítilfjörlegt með torfpaki.” Óljóst er hvaða hús er hér átt við. Husganlega hefur verið íbúðarhús við Guðnýjarbakka 043 en það er óþekkt að svo stöddu.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 84

Almennt hættumat: óljóst.

Hættumat verkefnis: óljóst.

SF-044:061 heimild kálgarður

Í fasteignamati Austur-Skaftafellssýslu frá 1917 segir: “Kálgarðar [að 7. Rauðabergi] vaxa ekki sökum bleytu og stórgrýtis, gefa af sér 3 tonnur.” Við hvaða kálgarða er hér átt er óljóst og nákvæm staðsetning óþekkt.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 84.

Almennt hættumat: óljóst.

Hættumat verkefnis: óljóst.

SF-044:062 heimild vatnsból

Í fasteignamati frá 1917 segir: “Vatnsból [7. Rauðabergs] í læk við bæinn.” Við hvaða vatnsból er hér átt er óljóst og nákvæm staðsetning er óþekkt.

Heimildir: Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1917, bls. 84.

Almennt hættumat: óljóst.

Hættumat verkefnis: óljóst.

SF-044:063 tóft óþekkt A 670979 N 431304

Í Guðnýjargerði 043, um 210 m suðvestan við Rauðaberg II 001_01 er tóft 063 sem hugsanlega gæti hafa verið útihús eða býli (sjá 060) en hún var ekki skráð að svo stöddu.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: lítil hætta vegna framkvæmda.

Heimildir: LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

SF-044:064 *Hesthúsklettur* örnefni hesthús A 671099 N 431364

“Efst í því túni [Hólstúni] eða norðast niður með girðingunni er klettur, sem heitir Hesthúsklettur,” segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Hesthúskletts er óljós en örnefnið gefur til kynna að hesthús hafi áður verið nálægt. Í túni ofan og norðvestan við Hólstún er þúst 049 sem hugsanlega gæti hafa verið umrætt hesthús en það er óstaðfest.

Almennt hættumat: óljóst.

Hættumat verkefnis: óljóst.

Heimildir: Ö-Rauðaberg SE, 5.

4.4. Fornleifar á fleiri en einni jörð

SF-631:002 gata leið. A 671239 N 431269

Á Herforingjaráðskorti Dana frá byrjun 20. aldar er gamla þjóðleiðin við rætur Viðborðsfjalls að suðvestanverðu og liggur hún gróflega austur-vestur í gegnum heimatún Rauðabergs. Við mörk heimatúnsins kvíslast gatan, önnur leiðin heldur áfram til vesturs um hlað Rauðabergs II í átt að Hankafelli, en hin heldur áfram í suður með austanverðri Djúpá Heim að Holtum.

Hægt er að greina óljósar götur (2-5 samsíða slóða) norðan heimreiðarinnar heim að Rauðabergi II 001_01, um 200 m frá bæ, sem liggja meðfram klettabeltinu til suðausturs og beygja upp með klettunum til norðausturs. Einnig er hægt að greina óljósar götur vestan bæjar og Suðurlækjar sem liggja til suðvesturs norður fyrir Kvíaklett (sjá 022) og hverfa í lækjarfarveg Bæjarlækjar um 175 m suðvestan við bæ 001_01. Göturnar eru 0,2-0,4 m á dýpt og breidd, og teknar að hlaupa nokkuð í þúfur, sérstaklega vestan við bæ.

Almennt hættumat: engin hætta.

Hættumat verkefnis: stórhætta vegna framkvæmda.

Heimildir: Herforingjaráðskort 96 SA; LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954.

5. Niðurstöður

Vorið 2024 voru skráðar alls um 68 fornleifar og heimildir um fornleifar á um 50 minjastöðum (sjá yfirlitskort 1-4 í viðauka). Hlutverk skráðra minja voru fjölbreytileg, eða um 25 mismunandi hlutverk, en í sjö tilvikum var hlutverk óþekkt (tafla 1). Ástand minja á svæðinu var einstaklega gott en yfirborðsummerki sáust í um 70% tilfella. Minjarnar eru allar friðaðar en engar friðlýstar minjar voru skráðar á svæðinu. Öll hús innan deiliskráningarsvæðisins (lóð 1), bæði bæjarhús og útihús, voru að mestu hlaðin úr torfi- og grjóti.

Ekki er vitað hvenær búseta hefst á Rauðabergi en jörðin er í góðu meðallagi og ólíklegt annað að það hafi verið fljótlega eftir landnám. Elstu rituðu heimildir um bæinn eru frá seinni hluta 15. aldar þegar bærinn hét ennþá Raufarberg. Bærinn virðist lengst af hafa verið bændaeign og er hann nefndur Rauðaberg, bæði í Jarðabók Ísleifs Einarssonar sem og í manntali 1703. Bæjarheitið virðist því hafa tekið breytingum á tímabilinu 1500 og 1700, en af hverju því hefur verið breytt á þennan hátt er óljóst.

Heimilin að Rauðabergi eru ekki skýrt aðskilin í manntali fyrr en eftir 1900 og eru þau nefnd Efribær (SF-044:001), Hóll (SF-044:002), og Neðribær (SF-044:004) í manntali frá árinu 1910. Talið er líklegast að bæjarhóll Efribæjar sé elsta og umfangsmesta bæjarstæðið að Rauðabergi. Árið 1918 eru teiknuð tvö heimatún að Rauðabergi, eitt sameiginlegt fyrir Efribæ 001 og Hól 002 (Túnakort 1918-1), og eitt fyrir Neðribæ 004 (Túnakort 1918-2). Í fasteignamati í Austur-Skaftafellssýslu árið 1917 er þó nefnt eitt heimili (eða íbúðarhús) til viðbótar, en staðsetning þess er óljós. Ekki er útilokað að tvíbýli hafi verið að Hóli, en ef fjögur aðskilin íbúðarhús hafa verið að Rauðabergi á þessum tíma þá hefur hið fjórða (SF-044:060) ekki verið teiknað eða verið staðsett utan heimatúns. Þegar lóð 1 er seld úr landi Rauðabergs árið 1974 nær hún yfir bæjarstæði Efribæjar og Hóls, sem og heimatún beggja bæja ásamt húsakosti þeirra.

Gamla íbúðarhúsið að Rauðabergi II var fyrst byggt árið 1922, en húsið var gert upp á 9. og 10. áratug 20. aldar í tíð Póstmannafélags Íslands. Hús gamla burstabæjarins frá 19. öld voru þá rifin og tóftir fylltar, en þau sjást þó enn ágætlega á bæjarhól. Íbúðarhúsið var gert að mestu upp í þeirri mynd sem það var árið 1974. Húsið hefur að mestu hlotið ágætt viðhald og er varðveislugildi þess hátt metið í dag.

Bæjarstæði *Neðribæjar SF-044:004* (um 50x50 m að flatarmáli) er 140-250 m suðaustan við bæjarstæði *Efribæjar SF-044:001* (neðst á yfirlitskorti 3 í viðauka). Bæjarstæði Neðribæjar er utan marka lóðar 1 sem hér er deiliskráð vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Athygli er hér vakin á staðsetningu þess og minjum í næsta nágrenni þar sem þær eru fast sunnan við heimreiðina heim að Efribæ og Hóli sem nota á fyrir flutninga á efnivið og umferð inn á fyrirhugað framkvæmdasvæði. Á þessum stað voru steinsteypt hús á 20. öld, líklega hlaða og fjárhús. Minjar á þessu svæði voru ekki skráðar sérstaklega, en vekja má athygli á því að á þessum stað voru árið 1918 íbúðarhús 004_01 og tveir kálgarðar (004_02 og 03), hugsanlegt vatnsból (051) og útihús (052 og 054). Óljóst gerði, hugsanlega rétt (053), er einnig austast, sunnan

Tafla 1. *Skipting minja eftir blutverki (24) og varðveisla á skráðum minjastöðum.*

Hlutverk	Fjöldi	Minjar greinanlegar á yfirborði	Númer
Bæjarhóll	2	2	Efribær 001 og Neðribær 004
Bæjarstæði	1	1	Hóll 002_01I-V (sama og 056?)
Býli	2	0	Ekra 030 og Rauðaberg 060, varðveisla óljós
Badstofa	2	1	001_01I og VII;
Hlóðaeldhús	1	0	001_01III
Fjós	1	0	001_01II
Kálgarður	10	4	001_03, 001_04, 002_02, 027 (?), 003_01, 004_02-03, 042; 058, 061
Vatnsból	4	2	050, 051 (?), 055, 059
Smiðja	2	0	001_01V og XI, varðveisla óljós
Skemma	1	1	001_01VIII
Geymsla	1	1	001_01IV
Fjárhús	5	5	001_01IX, 005, 026_01, lambhús 032, 034
Hesthús	2	1	033, Hesthúsklettur 064 (sama og 049?)
Hlaða	3	2	001_02I, sjá einnig fjárhús 005, 035
Heygarður	2	1	001_02II, 003_02
Hæsnahús	1	1	001_01X
Útihús	7	7	036, 047, 049 (sjá einnig 064), 045, 046, 052, 054
Rétt	3	3	028, 039, 053 (?)
Nátthagi	1	0	057, staðsetning óljós
Kvíar	1	1	022
Leið	3	2	Traðir 006, 040, SF-631:002
Túngarður	3	3	041I-X, Guðnýjarbakki 043, 044
Landamerkjagarður	2	2	029, 038, hafa hugsanlega tengst
Legstaður	1	0	026_02
Óþekkt	7	7	001_05-07; 037, 048; 052, 054
Samtals:	68	47	

Tafla 2. Ástand minja innan lóðar 1 að Rauðabergi II og fjarlægð frá áætluðu framkvæmdasvæði árið 2024.

Samtala	Tegund	Ástand	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði
SF-044:001_01	Bæjarhóll og -tóftir	Á bæjarstæðinu er friðað hús. Bæjartóftir síðasta burstabæjar skýrar en margar uppfylltar, hleðslur signar	Um 20 m vestan við hótelsvæði
SF-044:001_02	Hlaða og heystæði ofan við bæjarröð 01	Hlaða fyllt/útflótt, heystæði skýrt, hleðslur signar.	Um 40 m vestan við hótelsvæði
SF-044:001_03	Kálgarður, þrískiptur	Hleðslur standa grónar til signar	Um 50 m suðvestan við hótelsvæði
SF-044:001_04	Kálgarður	Hleðslur standa grónar	Um 40 m VNV við hótelsvæði
SF-044:001_05	Þúst, óþekkt	Sést til, gæti verið leifar af hlóðaeldhúsi og smíðju sem rifin voru út við endurbygg.	Um 1 m norðan við áætlað vegstæði að hótélbyggingu
SF-044:001_06	Þúst, óþekkt	Hugsanlega leifar af útflattri hlöðu 02	Um 60 m vestan við hótelsvæði
SF-044:001_07	Þúst, hugsanlegar leifar af eldri tóftum í bæjarröð að vestan	Sést til, uppfylltar tóftir og hleðslur útflattar	Um 70 m vestan við hótelsvæði
SF-044:002_01	Hóll, bæjartóftir	Grjót- og torfhleðslur standa grónar til signar	Um 30 m sunnan við hótelsvæði, um 15 m austan við malarveg
SF-044:002_02	Kálgarður, þúst	Óljós ummerki um garðlög umhverfis, búið að slétta	Um 1-2 m austan við malarveg
SF-044:003_01	Heimild um kálgarð	Sléttað tún og traðir 006, trjágöng	Um 1-2 m vestan við malarveg
SF-044:003_02	Þúst, heimild um heygard	Sléttað tún og traðir 006, trjágöng	Um 1-2 m vestan við malarveg
SF-044:004_01	Bæjarstæði Neðribæjar	Útihús úr steinsteypu byggð á 20. öld, eldri minjar horfnar eða grasigrónar og signar	Um 5 m vestan við malarveg
SF-044:004_02	Heimild um kálgarð	Líklega búið að slétta út	Um 1-2 m vestan við malarveg
SF-044:005	Tóft, fjárhús undir föllnu þaki	Hleðslur standa grónar	Um 150 m suðaustan við hótelsvæði, um 75 m norðaustan við malarveg
SF-044:006	Tröð, gamli malarvegurinn heim að bæ	Malarvegur, trjágöng	Leið með efnivið fyrir hótél heim að bæ
SF-044:022	Tóft, Kvíaklettur	Hleðslur signar	Um 230 m VSV við hótelsvæði
SF-044:026	Tóft, útihús	Hleðslur signar	Um 220 m ASA við hótelsvæði
SF-044:027	Hleðsla, gæti verið hluti af gerði um kálgarð 002_02	Hleðslur signar	Um 10 m suðaustan við áætlað vegstæði og um 30 m sunnan við hótelsvæði
SF-044:028	Tóft, rétt	Hleðslur signar	Um 220 m ASA við hótelsvæði
SF-044:029	Landamerkjagarður milli túna Rauðab I-II	Hleðslur signar	Um 50 m ASA við hótelsvæði
SF-044:030	Ekra, bústaður, heimild	Líklega búið að rífa og slétta	Um 240 m vestan við hótelsvæði
SF-044:032	Tóft, útihús	Hleðslur standa grónar	Um 20 m norðan við hótelsvæði
SF-044:033	Tóft, útihús	Hleðslur standa grónar	Um 10 m austan við hótelsvæði
SF-044:034	Tóft, útihús	Hleðslur standa grónar	Um 15 m austan við hótelsvæði
SF-044:035	Tóft, útihús	Hleðslur standa grónar	Um 150 suðaustan við hótelsvæði
SF-044:036	Tóft, útihús	Hleðslur standa grónar	Um 150 suðaustan við hótelsvæði
SF-044:037	Tóft, útihús	Hleðslur signar	Um 150 suðaustan við hótelsvæði

Samtala	Tegund	Ástand	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði
SF-044:038	Landamerkjagardur milli túna Rauðab I-II	Hleðslur signar	Um 180 m suðaustan við hótelsvæði
SF-044:039	Tóft, útihús	Hleðslur signar	Um 28 m norðaustan við malarveg, um 130 m SSA við hótelsvæði
SF-044:040	Gata milli húsa	Sést til, hlaupnar í þúfur	Í gegnum hótelsvæðið
SF-044:041	Garðlag, túngarður umhverfis heimatún	Hleðslur signar til útflattar	Um 1-2 m vestan við malarveg heim að bæ, hluti
SF-044:042	Kálgarður	Hleðslur signar	Um 60 m norðan við hótelsvæði
SF-044:043	Gerði, Guðnýjarbakki	Hleðslur signar	Um 180 m suðvestan við hótelsvæði
SF-044:044	Garðlag, túngarður/landamerki?	Hleðslur signar	Um 230 m austan við hótelsvæði
SF-044:045	Tóft, útihús	Hleðslur útflattar	Um 80 m vestan við hótelsvæði
SF-044:046	Tóft, útihús	Hleðslur útflattar	Um 130 m vestan við hótelsvæði
SF-044:047	Tóft, útihús	Hleðslur útflattar	Um 45 m norðan við hótelsvæði
SF-044:048	Grjóthrúga, óþekkt	Hleðslur útflattar	Um 40 m norðan við hótelsvæði
SF-044:049	Þúst, óþekkt	Sést til, sléttað tún	Um 120 m suðvestan við hótelsvæði
SF-044:050	Vatnsból, niðurgröftur	Sést til, búið að grafa rás niður í Suðurlæk	Um 100 m vestan við hótelsvæði
SF-044:051	Vatnsból, niðurgröftur/þúst?	Óljóst, gæti verið horfið í gras og þúfur.	Um 14 m vestan við malarveg heim að bæ
SF-044:052	Þúst, útihús?	Óljóst	Um 50 m suðvestan við malarveg heim að bæ
SF-044:053	Tóft, rétt? Kálgarður?	Hleðslur signar til útflattar (?)	Um 3 m vestan við malarveg heim að bæ
SF-044:054	Þúst, útihús?	Óljóst, hleðslur signar/þúst?	Um 4 m vestan við malarveg
SF-044:055	Heimild um vatnsból	Nákvæm staðsetning óljós	Um 10-30 m vestan og ofan við malarveg, gæti hafa verið í læk/lind á þessu svæði
SF-044:064	Hesthúsklettur, örnefni	Nákvæm staðsetning hesthúss óljós. Líklega efst í Hólstúni suðvestan við bæ	Um 50 m eða meira vestan við malarveg heim að bæ (?)
SF-631:002	Götur	Hlaupnar í þúfur, horfnar heima á hlaði	Um 4 m austan við malarveg heim að bæ í suðausturenda svæðis

Klettatúns og fast sunnan við heimreiðina heim að Rauðabergi II. Ekki er ljóst hversu lengi hefur verið búið á bæjarstæði Neðribæjar en eldri minjar gætu leynst undir sverði á svæðinu. Ekki er útilokað að vegabætur og/eða niðurgröftur lagna muni þurfa að eiga sér stað á þessum stað vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Innan lóðar 1 falla bæði landareignir *Efribæjar SF-044:001* (Rauðaberg II) og *Hóls SF-044:002* (Rauðaberg I). Út frá landamerkjakorti sem fylgdi afsali lóðarinnar árið 1974 er skýrt að Hóli tilheyrði hólinn sem bæjartóft 004_01 stendur á, og náði landareignin það langt til austurs að bærinn hafði líklega aðgang að vatnssuppsprettum þar í túni (sjá 055) austur að Flatarlæk. Á skikanum var einnig kálgarður 002_02 sunnan við bæ, og líklegt er að kálgarður 003_01 og heygarður 003_02, fast sunnan traðar 006, hafi einnig tilheyrt Hóli. Bærinn átti tún nyrst í Grjótum og Klettatúni sem afmarkað var að sunnan af merkjagörðum 029 og 038, og ekki er útilokað að garðlag 044 hafi einnig verið merkjagardur efst í

norðausturenda túnsins. Innan túnsins er óljós fjárhústóft 026_01 og heimild um útburð 026_02. Ekki er útilokað að fjárhús 033 og 034 í Hólum, hafi einnig verið nýtt frá Hóli, en þau virðast þó vera rétt utan og norðan landamerkja miðað við kortið frá 1974. Samkvæmt kortinu átti Hóll einnig Guðnýjarbakka, gerði umvafið túngarði 043, sem líklega er nefnt eftir Guðnýju Magnúsdóttur (d. 1934) sem bjó að Rauðabergi árið 1917 (sjá 060). Ekki er útilokað að hér sé um að ræða náttuga 057 sem nefndur er í fasteignaskrá sama ár.

Bæjarstæði Efribæjar (Rauðaberg II, 001) er líklega upprunalegt bæjarstæði jarðarinnar og má því ætla að undir sverði í bæjarhólnum gætu leynst talsvert eldri minjar en þær bæjarrústir sem þar eru frá lokum 19. og fyrri hluta 20. aldar (001_01I-XI, 001_02I og II og 001_03-04). Núverandi íbúðarhús að Rauðabergi II er líklega byggt af Jóni Jónssyni Malmquist árið 1922, en það hefur þó eitthvað verið endurbætt og því breytt af öðrum ábúendum fram til 1974. Húsið var að stórum hluta endurbyggt á tveimur síðustu áratugum 20. aldar af Póstmannafélagi Íslands en þær framkvæmdir snérust þó mikið um að halda eins mikið í upprunlegt útlit hússins og mögulegt var.

Allar aðrar skráðar minjar sem ekki hafa verið nefndar hér að ofan eru innan heimatúns Efribæjar, eða staðsetning þeirra er óþekkt (t.d. 064). Túngarður 041 umlykur allt heimatúnið en er þó rofinn og/ eða horfinn á köflum vegna rofs og ábúðar. Eitt býli, Ekra (030), var skráð í vesturenda heimatúns, en þar var búið stutt og lítið um minjar að sjá á yfirborði. Önnur útihús og mannvirki í heimatúni voru; tvö útihús (045-046) og vatnsból (050) stutt vestan við bæjarstæði, útihús (032) og kálgarður (042) nyrst og efst í Pálsbrekku³⁴, fimm útihús (005, 035-037 og 039) austast í Klettatúni og rétt (028) austan undir klettunum sem afmarka heimatúnið. Tóftir 032, 033 og 034 eru í stórhættu vegna trjáræktar. Aðeins ein þúst 049 (hugsanlegt útihús) var skráð í túninu sunnan við bæ. Að lokum má nefna kvíar 022 undir Kvíakletti í suðvesturenda túns.

Gamla þjóðleiðin (SF-631:002) sem teiknuð er á herforingjaráðskort Dana í byrjun 20. aldar lá úr austri heim að bæ 001 fyrir vesturenda Klettatúns um Tröð 006 sem nú (2024) er einfaldur malarvegur og hélt svo þaðan áfram til VSV inn dalinn. Hægt er að greina leifar af götum í suðausturhorni lóðar 1, en þær eru mjög óljósar. Leiðin lá framhjá bæ á hlaði að sunnanverðu en þar eru þær horfnar vegna sléttunar. Göturnar sjást einnig vestan Suðurlækjar suðvestan við bæ, en eru þar einnig nokkuð óljósar og teknar að hlaupa í þúfur.

Yfirlit yfir ástand fornleifa og fjarlægð þeirra frá framkvæmdasvæði má sjá í töflu 2 hér að ofan og á yfirlitsmynd 4 í viðauka. Skráðar fornleifar eru allar innan gamla heimatúns Rauðabergs II. Fornleifar sem eru innan við 50 m frá framkvæmdasvæði og heimreið heim að bæ eru metnar í stórhættu vegna framkvæmda. Samtals eru þær 29, eða um 60% allra skráðra fornleifa á svæðinu. Aðrar fornleifar eru metnar í hættu (<100 m, 4 fornleifar) eða lítilli til engri hættu (>100 m, 14 fornleifar). Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda.

³⁴ Hugsanlega kennd við Pál Bergsson þann sem býr að Hóli samkvæmt fasteignamati árið 1917.

Þær fornleifar sem teljast í hvað mestri hættu eru næst heimreið (006) heim að bæ (001) og vegstæði sem verða aðkomuvegir að hótelsvæðinu, sem og næst hótelsstæðinu sjálfu. Þau eru lituð grá í töflu 2. Það eru útihústóftir 032, 033 og 034, götur 040 og austurendi bæjarraðar í Efribæ 001, þ.e. leifar hlóðældhúss (ef einhverjar eru undir sverði), austurendi kálgarðs 001_03 og þúst 001_05. Rétt er að minna á að í heimatúnum gamalla lögbýla er alltaf talsverð hætta á að komið sé niður á áður óþekktar minjar undir sverði við framkvæmdir (t.d. öskuhaugar).

Minjar í mestri hættu næst heimreið (<15 m) að sunnanverðu eru leifar af heygarði og kálgarði 003_01 og 02, túngarður 041, þúst 054, hugsanlegt vatnsból 051, bæjarstæði Neðribæjar 004 og tóft 053. Afar fáar fornleifar eru þekktar fast norðan við heimreið en kálgarður 002_02 frá Hóli, hóllinn og bæjartóftirnar (002_01) sjálfar eru innan við 15 m norðan við veg. Einnig er óljóst hvar vatnsból bæjarins hefur verið (sjá 055, <20 m frá tröð) og hvort einhver mannvirki voru tengd því.

Ljóst er að mikill fjöldi fornleifa er innan marka lóðar 1 þar sem framkvæmdir eru nú fyrirhugaðar vegna hótélbyggingar. Ekki eru þekktar fornleifar innan byggingamarka sjálfs hótelsins eða vegarins sem liggja mun að því, en líklegt er að talsverð umsvif verði í kringum allar framkvæmdir á svæðinu. Því er mikilvægt að varlega sé stigið niður enda ljóst að á svæðinu eru varðveitt fallegt búsetulandslag í góðu ástandi auk þess sem friðað hús er á bæjarstæðinu.

Að lokum skal aftur tekið fram að samkvæmt lögum skal helgunarsvæði vera 15 m umhverfis friðaðar fornleifar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofun Íslands. Minjastofnun Íslands mun taka ákvörðun um hvort áhrif framkvæmda á minjar eru ásættanleg, hvort nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða vegna framkvæmda og þá hvaða form þær skuli taka.

6. Heimildaskrá

- Ari Jóhannesson, 1988. Fréttir frá Rauðabergi. Orlofshúsi P.F.Í. *Póstmannablaðið* 20(1), bls. 9-11. Aðgengilegt á timarit.is.
- Björn Lárusson [BL], 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* W.F. Salisbury þýddi. Lund: Lund University.
- Diplomatarium Islandicum* [DI]/Íslenskt fornbréfasafn, 1857-1950 (Vol. I-XV). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Fasteignamat Austur-Skaftafellssýslu 1916-1918*. Undirmat Austur-Skaftafellssýslu. Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Skaftafellssýslu. Mýrahreppur 1917. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands. Sótt á: jardavefur.skjalasafn.is
- Freyr* 72(1-2), 1976 . Um sauðfjárrækt - stjórnarkreppu - og svolítið um sálfræði sauðfjár, bls. 14-20. Ljósmynd af Rauðabergi bls. 19. Aðgengilegt á timarit.is.
- Guðlaug Vilborgardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir. 2019. *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun: Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands* 2. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.
- Gunnlaugur Guðmundsson, 1981 (01.12.). Rauðaberg. *Póstmannablaðið* 15 (1), bls. 13-16. Aðgengilegt á timarit.is.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* [JÁM], 1990. XIII. bindi. Fylgiskjöl. Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.
- Johnsen, J., [JJ], 1847. *Jarðatal á Íslandi: Með brandhlýsingum, fólkestölu í breppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.
- Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu II* [BAS II]. Mýrar og Suðursveit (bls. 35-43). Reykjavík: Bókautgáfan Guðjónsó.
- Tíminn* 239, 1974 (30.11.). Póstmannafélagið kaupir gamalt býli, bls. 6. Aðgengilegt á timarit.is.
- Póstmannablaðið* 27(2), 1996. Rauðaberg fær andlitslyftingu: Endurbótum að mestu lokið, bls. 4. Aðgengilegt á timarit.is.
- Póstmannablaðið* 35(1), 2004. Þetta var ánægjulegur tími. Rætt við Leu Þórarinsdóttur, fyrrverandi formann Póstmannafélags Íslands, bls. 4-5. Aðgengilegt á timarit.is.
- Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 [SSS], 1997. Skaftafellssýsla. Reykjavík: Sögufélag.
- Öræfi II, 1978. *Öræfi II: Skaftafell, Hof, Hnappavellir og Rauðaberg II á Mýrum*. Opmáling og registering í det sydostlige Island 1974. Reykjavík: Prentsmiðja Árna Valdemarssonar hf.

Óprentaðar heimildir

- Túnakort 1918* (1-2). Rauðaberg I og II. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt á manntal.is, vefsíðu Þjóðskjalasafns Íslands, Reykjavík.
- Ö-Rauðaberg EJ: Örnefnalýsing Rauðabergs, athugasemdir og viðbætur eftir Elías Jónsson. Aðgengilegt á www.nafnid.is, vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík..
- Ö-Rauðaberg SE: Örnefnalýsing Rauðabergs eftir Stefán Einarsson, prófessor. Aðgengilegt á www.nafnid.is, vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.
- Skjöl í eigu Póstmannafélags Íslands, 2024:*
- Afsal Rauðabergs II, 1974. Elías Jónsson.
- Húsateikning af Rauðabergi II, 1995. Teiknistofan Ármúla hf, Ásgeir Ásgeirsson, byggingafræðingur BFÍ.

Rafmagnseftirlit ríkisins, 1992. Skoðunarskýrsla 255.

Reikningar frá Íbyggð Byggingaverktak, Hornafirði, 1996.

Reikningar frá Ara Magnússyni, Hofi, 1996.

Gagnabankar, kort og ljósmyndir

Herforingjaráðskort 96 SA, 1903. Heinaberg. 1:50.000. *Kortavefur Landsbókasafns*, 2024. Aðgengilegt á: <https://islandskort.is/>

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands, 2024. <https://jarðavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-3>

Kortasjá Landmælinga Íslands, 2024. <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>

LMI-Kort-LI206-LI2-0893, 1954. Viðborðsfjall-Kolgríma. *Loftmyndasafn Landmælinga Íslands*, 2024.

Aðgengilegt á: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

LMI-Kort-B17-B-4642, 1969. Skálafellshnúta-Svínafell. *Loftmyndasafn Landmælinga Íslands*, 2024.

Aðgengilegt á: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Loftmyndasjá Landmælinga Íslands, 2024. <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja>

Mannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, 2024. www.mannatal.is.

Sarpur, 2024. www.sarpur.is

B_ÞTh-504. Rauðaberg II. Ljósmynd úr safni Þorvaldar J. Thoroddsen frá lok 19. aldar

Skg-2534. Rauðaberg II. Ljósmynd tekin af Þóri Eyfeld Magnússyni 1971.

Viðaukar

Viðauki 1 - Hnitaskrá ISN93

Samtala	A	N	Samtala	A	N
SF-044:001_01	671098	431489	SF-044:041I	671161	431396
SF-044:001_02	671111	431491	SF-044:041II	671069	431332
SF-044:001_03	671090	431475	SF-044:041III	671027	431307
SF-044:001_04	671100	431510	SF-044:041IV	670999	431321
SF-044:001_05	671133	431467	SF-044:041V	670908	431440
SF-044:001_06	671096	431500	SF-044:041VI	671029	431580
SF-044:001_07	671083	431500	SF-044:041VII	671082	431555
SF-044:002_01	671171	431430	SF-044:041VIII	671322	431459
SF-044:002_02	671163	431421	SF-044:041IX	671394	431384
SF-044:003_01	671151	431408	SF-044:042	671191	431546
SF-044:003_02	671144	431414	SF-044:043	670990	431326
SF-044:004_01	671184	431278	SF-044:044	671384	431359
SF-044:004_02	671199	431274	SF-044:045	671019	431520
SF-044:004_03	671172	431274	SF-044:046	671061	431517
SF-044:005	671269	431357	SF-044:047	671166	431541
SF-044:006	671138	431438	SF-044:048	671175	431535
SF-044:022	670920	431436	SF-044:049	671081	431393
SF-044:026_01	671367	431376	SF-044:050	671055	431491
SF-044:026_02	671367	431375	SF-044:051	671178	431317
SF-044:027	671151	431442	SF-044:052	671164	431267
SF-044:028	671355	431332	SF-044:053	671209	431262
SF-044:029	671248	431430	SF-044:054	671180	431335
SF-044:030	670947	431584	SF-044:055	671188	431406
SF-044:032	671177	431522	SF-044:063	670979	431304
SF-044:033	671205	431465	SF-044:064	671099	431364
SF-044:034	671213	431466	SF-631:002b	671044	431503
SF-044:035	671287	431364	SF-631:002a	671239	431269
SF-044:036	671295	431363			
SF-044:037	671305	431369			
SF-044:038	671316	431337			
SF-044:039	671223	431353			
SF-044:040	671153	431482			

Viðauki 2 - Húsakönnun (Huginn)

Byggingarár: 1922

Rauðaberg

Rauðaberg II/Efri bær

Fyrsti eigandi: Þorbjörg Benediktsdóttir
Hönnuður: Jón Jónsson Malmquist
Upphaflegur byggingarstíll: Torfhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Þjónusta



Rauðaberg 1976



Rauðaberg 2024

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Hlaðið, torf og grjót	Hlaðið, torf og grjót	1995 Endurbýgging og viðbætur	Ásgeir Ásgeirsson og Bjarni S. Geirsson,
Útveggir:	Timbur	Timbur	Póstmannafélags Íslands 1980-1996	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Óljóst	Óljóst		
Útlit:	Portbyggt; Viðbygging	Portbyggt; Reykháfur; Útitróppur; Viðbygging		


Saga:


Húsið á lóð 1 (10,3 ha) að Rauðabergi II í Mýrarhreppi er skráð sem sumarhús (50,9 m²) í fasteignamati árið 2024 og er skráð byggingarár þess 1922. Húsinu fylgir geymsluskúr byggður 1996 (12 m²). Bæjarstæðið á lóðinni nefnist Rauðaberg II en jörðin var áður nefnd Raufarberg og eru elstu þekktu heimildir um jörðina frá seinni hluta 15. aldar (heimildir nr. 1-3 í heimildaskrá). Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu flytja Erlendur Ólafsson og kona hans Þorbjörg Benediktsdóttir þangað árið 1890 og búa þar fram yfir 1920 (4). Í skrá fasteignamatatsnefndar árið 1917 er íbúðarhúsi lýst sem baðstofu með torfþaki og stofuhúsi með járnþaki (5). Á ljósmynd úr safni Þorvaldar J. Thoroddsen má sjá gamla torfbæinn, en þar virðist stofuhúsið austast í húsaröðinni enn vera með torfþaki (6), svo í klega er ljósmyndin tekin fyrir 1917. Árið 1922 flytja Jón Jónsson Malmquist (1888-1956) og Halldóra Guðmundsdóttir (1901-1985) að Rauðabergi (7) og þykir líklegt að Jón hafi endurbýgt á svipuðum stað á þessum tíma (1922-1926), a.m.k. er byggingarár hússins talið 1922. Á næstu árum búa ýmsir í húsinu en árið 1966 tekur Elías Jónsson (f. 1903) við búi (8), og selur svo lóð 1 ásamt húsum út úr jörðinni til Póstmannafélags Íslands (PÍ) vorið 1974 (9). Sama ár teikna nemar í Arkitektaskólanum í Árhus húsakostinn (10). Þá voru öll þrettán hús gamla burstabæjarins enn undir þaki og var íbúðarhúsið austast í röðinni. Það var þá portbyggt, pappklætt timburhús með steinsteyptan skorstein, undir mænisþaki klæddu bárujárn, með grjót- og torfhláðna veggir að norðan, austan og vestan. Á jarðhæð voru eldhús og búr með moldargólfi og grjóttveggjum, og tvö herbergi á efri hæð. Hugmyndir PÍ voru að gera bæinn upp og leigja út sem sumarhús (11). Lítið gerist í lagfæringum á húsakosti fyrr en eftir 1980. Árið 1984 er komið upp hitakút á snyrtingunni í gamla fjösinu og lagt heitt vatn í krana og sturtu. Ári seinna var leitt heitt vatn í eldhúsið og búrinu breytt í setustofu. Árið 1987 var endurhlaðinn grjóttveggur við austurhlíð hússins og jafnað úr gömlu tóftunum í bæjarhúsaröðinni. Stafnar voru klæddir með standandi furuklæðningu á suðurhlíð og austurhlíð ofan við grjóthleðslur (12). Í mars árið 1995 leggur Ásgeir Ásgeirsson byggingafræðingur BFÍ fram teikningar með nýju útliti bæjarhúsa fyrir hönd PÍ (13) sem voru þó ekki nýttar nema að hluta. Sumarið 1996 er nýr geymsluskúr byggður í tóft gömlu smiðjunnar. Á sama tíma var m.a. eldhúsgólf endurnýjað og sett upp ný innrétting, veggir panelklæddir, þak á anddyri, gluggar og einangrun endurnýjuð og lagfærð. Ari Magnússon frá Hofi sá um veggheðslur, en önnur vinna var mikið til unnin af sjálfbóðaliðum PÍ undir yfirumsjón Bjarna S. Geirssonar smíðs hjá lbyggð Byggingarverktak, Hornafirði (14). Um aldamótin 2000 hafði áhugi félagsmanna PÍ minnkað til muna svo ákveðið var að selja bæði lóð og hús árið 2002 (15). Árið 2024 eru uppi ráðagerðir um að byggja hótélbyggingu á lóðinni sem á þó ekki að hafa nein áhrif á hvorki hús né minjar á svæðinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj. list:	Miðlungs	Húsið er lítið, fallega klætt portbyggt timburhús með viðbyggingu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er yngsta íbúðarhús á lögbýli sem á sér langa sögu og er samofið eldri tóftum gamla burstabæjarins. Húsið skipar einnig hlutverk í sögu Póstmannafélags Íslands.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er í vel varðveittu heimatúni þar sem mikið af rústum eru varðveittar og er því hluti af vel varðveittu menningarlandslagi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið og rústir torfhúsa í kring hefur sterka tilvísun í eldri tíma. Sjálft timburhúsið hefur þó verið endurnýjað mikið þótt reynt hafi verið að halda í karakter hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Talsverðar, misvandaðar endurbætur hafa verið gerðar. Húsið er í góðu standi þó hlaðnir útveggir þarfnist viðhalds og samspil þeirra og utanverðar klæðningar timburhúss þarf að bæta.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er snyrtilega samofið gamla burstabænum og ágætlega viðhaldið. Það fellur áreynslulaust að heildstæðu menningarlandslaginu í kring og allt umhverfis er mikil
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjöluþálur litur á korti	







Kort 4 - Minjar í mestri hættu næst heimreið og hótelsæði (+15 m buffer) á lóð 1 að Rauðabergi II

